



2024

# FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Eitt meginmarkmiða Seðlabanka Íslands er að stuðla að traustri og öruggri fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands fylgist með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Markmið eftirlits með fjármálastarfsemi er að stuðla að traustum og öruggum fjármálamarkaði og draga úr líkum á að starfsemi eftirlitsskyldra aðila leiði til tjóns fyrir almenning.

Tilgangur ritsins um fjármálaeftirlit er:

- að skýra frá því hvernig fjármálaeftirlitið vinnur að þeim verkefnum sem því eru falin í lögum og hvernig stefnu og verkáætlun fjármálaeftirlitsins var fylgt eftir á næstliðnu ári;
- að upplýsa um helstu áherslur í verkáætlun ársins;
- að greina frá nýlegum og væntanlegum breytingum á réttarheimildum fjármálamarkaðarins.

Með útgáfu ritsins leitast Seðlabankinn við að tryggja viðeigandi gagnsæi um störf og áherslur fjármálaeftirlitsins og stuðla að upplýstri umræðu um fjármálakerfið.

Útgefandi:

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegji 1, 101 Reykjavík, 569 9600, [sedlabanki@sedlabanki.is](mailto:sedlabanki@sedlabanki.is), [www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is)

4. rit. 28. febrúar 2024 ISSN 2772-0802, vefrit

Öllum er frjálst að nota efni úr *Fjármálaeftirliti* en þess er óskað að getið sé heimildar.

# Efnisyfirlit

<b>I</b>	<b>Starfsemi fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands</b>	<b>5</b>
	Eftirlit með fjármálafyrirtækjum, rafeyrisfyrirtækjum og greiðslu- stofnunum	5
	Eftirlit með vátryggingastarfsemi	12
	Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar	14
	Eftirlit með viðskiptaháttum og málefni neytenda	15
	Eftirlit með verðbréfamarkaði	21
	Eftirlit með rekstraraðilum og sjóðum	23
	Eftirlit með aðgerðum gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka	25
<b>II</b>	<b>Helstu áherslur í verkáætlun 2024</b>	<b>28</b>
	Áherslur 2024	28
<b>III</b>	<b>Breytingar á réttarheimildum fjármálamarkaðar</b>	<b>31</b>
	<b>Rammagreinar</b>	
	1 Niðurstaða úttektar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fylgni fjármálaeftirlitsins við kjarnareglur Basel-nefndarinnar um bankaeftirlit	8
	2 Vettvangsathuganir	11
	3 Hæfismöt stjórnarmanna og framkvæmdastjóra auk aðila sem hyggjast eignast virkan eignarhlut	13
	4 Starfsleyfi og önnur leyfismál	16
	5 Viðurlagamál	19
	6 Um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum	23
	7 Upplýsingatækni (UT) áhætta – Áherslur fjármálaeftirlitsins og hvað er framundan	24
	<b>Viðaukar</b>	<b>37</b>
	1 Fjöldi aðila undir eftirliti við árslok 2023	37
	2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi við árslok 2023	38

**Merking tákna:**

- \* Bráðabirgðatala eða áætlun.
- 0 Minna en helmingur einingar.
- Núll, þ.e. ekkert.
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til.
- . Tala á ekki við.

# Starfsemi fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands

# I

Í þessum kafla er skýrt frá því hvernig fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands framfylgdi stefnu sinni og verk-áætlun á árinu 2023 með reglubundnu eftirliti og öðrum athugunum. Þá er jafnframt greint frá lykilstærðum fjármálakerfisins sem varða markmið um traustan og öruggan rekstur eftirlitsskyldra aðila.

## Eftirlit með fjármálafyrirtækjum, rafeyrisfyrirtækjum og greiðslustofnunum

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með fjármálafyrirtækjum sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunneftirlitslíkan fjármálaeftirlitsins og hins vegar sértækar athuganir sem taka mið af áhættumati og aðstæðum hverju sinni. Megináhersla í eftirliti með fjármálafyrirtækjum þegar horft er til fjárhagslegra áhættuþátta er að þau búi við sterka eiginfjár- og lausafjárstöðu til að tryggja fjárhagslegan styrk þeirra til að mæta óvæntum áföllum.

Í lok árs 2023 var 21 fjármálafyrirtæki undir eftirliti fjármálaeftirlitsins, þar af fjórir viðskiptabankar, fimm sparisjóðir, fjögur lánaþingir og átta verðbréfa-fyrirtæki. Einnig voru tvö rafeyrisfyrirtæki, sbr. lög nr. 17/2013, um útgáfu og meðferð rafeyris, og tvær greiðslustofnanir, sbr. lög nr. 114/2021, um greiðsluþjónustu, undir eftirliti fjármálaeftirlitsins.

Þrjú viðskiptabankar, Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf., eru skilgreindir sem kerfislega mikilvægir bankar af fjármálastöðugleikanefnd, en stærð þeirra þriggja nemur samanlagt um 90% af heildareignum lánastofnana. Eftirlit með kerfislega mikilvægum bönkum er umfangsmikið verkefni og felur í sér reglulega og kerfisbundna yfirferð á gögnum og upplýs-

ingum um stöðu bankanna, en einnig eru framkvæmdar sértækar athuganir og greiningar ásamt því sem viðtöl eru tekin við tiltekna stjórnendur og aðra lykilstarfsmenn þeirra og endurskoðendur. Fylgst er með þróun lykilhættumælikvarða í rekstri bankanna og mat lagt á sjálfbærni viðskiptastefnu og lífvænleika viðskiptaáætlana þeirra. Þá eru margvíslegir áhættuþættir í rekstri þeirra teknir til skoðunar og bæði rýndir með kerfisbundnum hætti og eftir atvikum oftast ef ástæða þykir til.

## Könnunar- og matsferli fjármálafyrirtækja

Árlega framkvæmir fjármálaeftirlitið ítarlegt könnunar- og matsferli (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP) hjá viðskiptabönkunum fjórum. Í ferlinu er meðal annars lagt mat á lífvænleika og sjálfbærni viðskiptastefnu, stjórnarhætti og innra eftirlit, útlána-, mótaðila- og samþjöppunaráhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu, lausafjár- og fjármögnunaráhættu og álagspróf. Við mat á þessum áhættuþáttum er stuðst við [Almenn viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum](#). Hin almennu viðmið voru endurskoðuð á árinu og byggja á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um sama efni sem tóku gildi 1. janúar 2023 (EBA/GL/2022/03). Jafnframt var höfð hliðsjón af ýmsum öðrum viðmiðunarreglum.

Könnunar- og matsferlið leiðir til niðurstöðu, um að hve miklu leyti þær áhættumildandi ráðstafanir sem hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hefur gripið til vegna áhættuþátta séu nægjanlegar, hvort stjórnun þess sé traust og hvort eiginfjárgrunnur ásamt lausafjár- og fjármögnunarstöðu sé fullnægjandi með hliðsjón af þeim áhættuþáttum sem felast í starfseminni. Ferlið felur jafnframt í sér að fjármálaeftirlitið leggur mat á og ákveður viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn fjármála-

fyrirtækis (stoð II-R) sem segir til um það eigið fé sem nauðsynlegt er að hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hafi tiltækt vegna áhættu sem það stendur frammi fyrir eða gæti þurft að mæta til viðbótar við grunnkröfu um eiginfjárgrunn (stoð I).

Hjá öðrum fjármálafyrirtækjum fer könnunar- og matsferli sjaldnar fram en hjá viðskiptabönkunum, þ.e. að jafnaði annað til þriðja hvert ár nema aðstæður kalli á aukna tíðni. Þess á milli fer fram umfangsminna árlegt áhættumat fyrir þau fjármálafyrirtæki. Er þetta í samræmi við það grundvallarsjónarmið í áhættumiðuðu eftirliti að eftirlit sé umfangsmeira með fyrirtækjum sem geta ógnað fjármálastöðugleika eða valdið stórum hópi viðskiptavina miklu tjóni.

### **Eftirlit með viðskiptalíkönum, útlánaáhættu, rekstraráhættu og stjórnarháttum og innra eftirliti Viðskiptalíkon**

Fjármálaeftirlitið greinir og leggur mat á lífvænleika viðskiptalíkans og sjálfbærni viðskiptastefnu einstakra fjármálafyrirtækja. Breytingar á löggjöf gera núverandi og nýjum aðilum á fjármálamarkaði kleift að bjóða tæknilausnir sem hafa breytt hegðun neytenda og minnkað einsleitni á bankamarkaði. Sjálfbærni viðskiptastefnu fjármálafyrirtækja, þ.e. geta þeirra til að skila viðunandi arðsemi til meðallangs tíma, hefur því verið í brennidepli undanfarin ár. Á árinu 2023 var jafnframt lögð sérstök áhersla á að meta áhrif hávaxtaumhverfis á lífvænleika viðskiptalíkana næstu tólf mánuði.

Rekstur viðskiptabankanna hefur almennt gengið vel og arðsemi aukist. Vaxtatekjur af útlánum hafa aukist, m.a. vegna stærra útlánasafns og áhrifa herra vaxtastigs á útlán á breytilegum vöxtum og lausafjäreignir. Fjármögnunarskilyrði í erlendri mynt hafa verið sveiflukennð á síðastliðnu ári. Þá er virk samkeppni um innlán og innlánseigendum bjóðast nú hagstæðari vaxtakjör á sérstökum reikningum í appi eða heima-banka og verðtryggð innlán með binditíma undir einu ári. Vaxtakostnaður fjármálafyrirtækja hefur því aukist. Fjármálafyrirtæki og viðskiptavinir þeirra hafa á síðastliðnum árum og misserum þurft að glíma við áskoranir eins og heimsfaraldur, stríðsátök og náttúruhamfarir. Þrátt fyrir framangreindar áskoranir jukust vanskil ekki að ráði á síðasta ári enda eru gæði útlána almennt mikil. Þá hefur efnahagsumhverfið verið krefjandi með háu vaxtastigi og verðbólgu. Hærrí greiðslubyrði hefur ekki skilað sér í auknum vanskilum hingað til en viðbúið er að svo kunni að verða. Há eiginfjár- og lausafjárhlutföll, sem eru vel yfir lögbundnum kröfum, veita viðskiptabönkunum umtalsvert svigrúm til að takast á við aukin vanskil og útlánatöp.

Loftslagsáhætta og fjárhagsleg áhætta henni tengd er vaxandi áhættuþáttur í rekstri fjármálafyrirtækja sem mun fá aukið vægi við mat fjármálaeftirlitsins á sjálfbærni viðskiptastefnu. Fjármálaeftirlitið hefur því beint þeim tilmælum til bankanna að innleiða alþjóðleg viðmið og kröfur vegna loftslagsáhættu í viðskiptaáætlanir sínar.

Að mati fjármálaeftirlitsins eru lífvænleiki viðskiptalíkana og sjálfbærni viðskiptastefnu íslenskra viðskiptabanka viðunandi.

### **Útlánaáhætta**

Áherslur í eftirliti með útlánaáhættu hafa m.a. mótast af umfangi greiðsluurræða í tengslum við heimsfaraldurinn, stríðsátök, aukna verðbólgu, hækkandi vexti og nú síðast vegna jarðhræringa og eldsumbrota á Reykjanesi. Í flestum tilfellum hafa útlán þeirra sem þegið hafa greiðsluurræði verið skilgreind með ívilnun (e. forbearance) og í skilum, en undanskilin eru almenn greiðsluurræði sem ekki eru bundin við greiðsluvanda. Hlutfall útlána með ívilnun hefur farið lækkað eftir að það náði hámarki á meðan heimsfaraldurinn stóð sem hæst. Vanskilahlutföll hafa jafnframt lækkað og eru lág í sögulegu samhengi. Þau náðu lágmarki á fyrsta ársfjórðungi 2023 en fóru örlítið hækkandi eftir því sem leið á árið. Enn ríkir nokkur óvissa með endurheimtur af lánum sem tengd eru jarðhræringa- og eldsumbrota-svæðinu á Reykjanesi. Heildarútlán til aðila á því svæði nema um 2% af heildarútlánum bankakerfisins en verulegur hluti þeirra lána er tryggður með veðum.

Regluverk og umgjörð í tengslum við vanefndalán hafa á síðustu árum verið styrkt verulega í framhaldi af ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB) um að ráðast í sérstakt átak til að bregðast við uppsöfnuðum vanda á þessu sviði í Evrópu. Mikilvægt er að lánastofnanir tileinki sér breytt regluverk og fylgi viðeigandi viðmiðunarreglum EBA. Fjármálaeftirlitið hefur lagt áherslu á að umgjörð lánastofnana um vanefndalán sé fullnægjandi og styðji við að tímanlega séu borin kennsl á áhættu, þ.m.t. umsjón og skráning vanskila og ívilnunar og að tryggilega sé staðið að mati á virðisryrnun útlána.

Mjög lítið er um beinar áhættuskuldbindingar íslenskra lánastofnana vegna aðila á stríðsátakasvæðum. Mikilvægt er að þær vakti áhrif hækkandi verðbólgu- og vaxtastigs á greiðslugetu einstaklinga og fyrirtækja og þar með gæði útlána. Að sama skapi þurfa varúðarsjóðir vegna útlánaáhættu að endurspeglar áhættuna, bæði til skemmri og lengri tíma.

## Rekstraráhætta

Á liðnu ári var lögð áhersla á að kanna heildarumgjörð og eftirlit með rekstraráhættu á fjármálamarkaði, þó aðallega hjá viðskiptabönkunum. Farið var í vettvangsathuganir þar sem lögð var sérstök áhersla á að kanna hvort fyrsta varnarlína kæmi að gerð áhættumata og hvort hlutverk og ábyrgð fyrstu og annarrar varnarlínu væri í samræmi við viðmiðunarreglur EBA um könnunar- og matsferli og álagspróf og viðmiðunarreglur EBA um innri stjórnarhætti. Einnig voru áhættumöt rekstraráhættu skoðuð ásamt fylgni við stefnuskjöl, verkferla og verklagsreglur þar að lútandi. Auk þessa voru skýrsluskil vegna rekstraráhættu til fjármálaeftirlitsins rýnd og metin.

Í ljósi áherslna fjármálaeftirlitsins og EBA á netöryggi og vegna vaxandi ógnar sem stafar af netárásam var lögð áhersla á að styrkja sérfræðiþekkingu eftirlitsins á þessu sviði svo það geti betur sinnt þessum málaflokki á komandi árum. Upplýsingaöryggi er mjög viðfeðmt og flókið viðfangsefni sem hefur þýðingu mjög víða í fjármálakerfi landsins og ekki síst á sviði greiðsluþjónustu. Fjármálaeftirlitið hóf á síðari hluta ársins 2023 úttektir hjá greiðsluþjónustuveitendum með áherslu á að skoða verklag þeirra við auðkenningar og svikavarnir. Sérstaklega er verið að kanna hvort framkvæmd sterkrar samvottunar viðskiptavina greiðsluþjónustuveitenda reikningsþjónustu (e. ASPSP) gagnvart greiðsluþjónustuvirkjendum (e. PISP) er að fullu í samræmi við lög og reglur. Þessar athuganir munu halda áfram á árinu 2024.

Með væntanlegri reglugerð (CRR3), sem breytir reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR), sem gert er ráð fyrir að taki gildi innan ESB 1. janúar 2025, verða gerðar breytingar á því hvernig lánastofnanir reikna út eiginfjárförf vegna rekstraráhættu og innleidd verður ný staðalaðferð sem kemur í stað allra nógildandi aðferða. Samkvæmt þessari nýju staðalaðferð mun eiginfjárfrafa taka mið af rekstrartekjum og sögulegu tapi vegna rekstraráhættu, þ.e. miðað verður við að rekstraráhætta aukist eftir því sem rekstrartekjur hækka og að áætlað tap vegna rekstraráhættu í framtíðinni verði í samræmi við sögulegt tap. Breytingarnar fela í sér nýja aðferðafræði þar sem útreikningar byggjast m.a. á ákveðnum viðskiptavísam (e. Business Indicator Component (BIC)). Fjármálaeftirlitið mun kynna þessar breytingar þegar ljóst verður hvenær þær verða innleiddar hér á landi.

## Stjórnarhættir og innra eftirlit

Fjármálaeftirlitið greinir og leggur mat á hvort veikleikar í stjórnarháttum og innra eftirliti fjármálafyrirtækja skapi áhættu og hafi áhrif á starfsemi og sjálfbærni

þeirra. Áhersla er lögð á að meta hvort fyrirkomulag stjórnarháttanna tryggi trausta stjórnun áhættu og feli í sér viðeigandi innra eftirlit í samræmi við þriggja þrepa líkanið (e. the three lines model).

Við eftirlit með stjórnarháttum á árinu 2023 lagði fjármálaeftirlitið mat á heildarumgjörð stjórnarháttanna, þ.m.t. stjórnskipulag og starfsemi og skilvirkni stjórnar með áherslu á hvernig stjórn sinnir hlutverki sínu við mótun áhættumenningar. Þá var lagt mat á innra eftirlitsumhverfi og starfsemi eftirlitseininga fjármálafyrirtækja. Matið var meðal annars byggt á viðtölum við stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og yfirmenn eftirlitseininga ásamt öðrum gögnum sem fjármálaeftirlitið aflaði. Athugasemdum og ábendingum vegna matsins var komið á framfæri þar sem við átti og úrbóta krafist.

Í endurútgefnum viðmiðunarreglum EBA um könnunar- og matsferli og álagspróf eru nú gerðar kröfur vegna eftirlits með stjórnarháttum er varða UFS-áhættu (umhverfis- og félagslega þætti og stjórnarhætti) og áhættu vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (e. AML). Veikleikar í umgjörð UFS og AML bætast því við önnur viðfangsefni tengd innra eftirliti og áhættustýringu við mat á stjórnarháttum fjármálafyrirtækja. Ábyrgð stjórnar í þessu sambandi felst m.a. í því að móta áherslur og tryggja að framangreindir áhættuþættir séu hluti af heildarumgjörð innra eftirlits og áhættustýringar.

Í kjölfar breytinga á ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki er varða starfskjarastefnu og kaupauka árið 2022, hófst vinna við innleiðingu viðmiðunarreglna EBA um trausta starfskjarastefnu. Þá var hafinn undirbúningur fyrir innleiðingu sambærilegra viðmiðunarreglna frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (ESMA) um starfskjör á verðbréfamarkaði.

## Vettvangsathuganir

Á árinu 2023 var áfram lögð áhersla á vettvangsathuganir sem tengjast útlánaáhættu hjá fjármálafyrirtækjum. Lokið var við athuganir hjá Arion banka hf. og Landsbankanum hf. er vörðuðu veðsetningar- og greiðslubyrðahlutföll fasteignalána til neytenda. Athuganirnar fólu í sér að leggja mat á verklag og ferla við veitingu lánanna auk þess að sannreyna með úrtaks-sköðunum hlítu við reglur Seðlabankans sem gilda um takmarkanir á slíkum lánum. Sambærilegri athugun lauk hjá Íslandsbanka hf. á árinu 2022. Niðurstöður athugananna hjá kerfislega mikilvægu bönkunum þremur voru birtar á vefsíðu Seðlabankans í maí 2023.

Gerðar voru vettvangsathuganir hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf. á árinu sem fólust í því að kanna hvernig mati og skráningu

veðandlaga fyrirtækjalána hjá bönkunum væri háttað m.t.t. ákvæða reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (CRR). Jafnframt var horft til ákvæða sem tengdust þessu í viðmiðunarreglum EBA varðandi lánveitingar og eftirlit með útlánnum og viðmiðunarreglum EBA um stýringu á áhættuskuldbindingum vegna vanefndar og ívilunar. Fleiri vettvangsathuganir sem tengjast útlánaáhættu voru einnig gerðar á árinu 2023 og var þeim ólokið í árslok.

Á árinu lauk vettvangsathugunum hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf., Kvikubanka hf. og Landsbankanum hf. þar sem markmiðið var að kanna umgjörð og eftirlit með rekstraráhættu innan mismunandi sviða hjá bönkunum. Þ.e. hvort hlutverk og ábyrgð ásamt verkaskiptingu sviðanna og áhættustýringar væri í samræmi við kröfur samkvæmt lögum um fjármála-fyrirtæki. Lögð var áhersla að skoða mat á rekstraráhættu ásamt fylgni við stefnuskjöl, verkferla og verklagsreglur þar að lútandi. Í athugununum voru einnig könnuð tiltekin atriði hjá kerfislega mikilvægu bönkunum þremur í tengslum

við verkaskiptingu og umgjörð aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Þá lauk vettvangsathugun hjá Íslandsbanka hf. á árinu 2023 sem fólst í því að kanna fyrirkomulag útivistunar. Sambærilegum athugunum hjá Arion banka hf. og Landsbankanum hf. lauk á árinu 2022.

Enn fremur voru á árinu gerðar vettvangsathuganir hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf., Kvikubanka hf. og Landsbankanum hf. er fólust í því að kanna hvernig bankarnir uppfylltu kröfur í tengslum við stýringu og eftirlit með lausafjár- og fjármögnunaráhættu.

Jafnframt voru á árinu 2023 gerðar vettvangsathuganir vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf., Kvikubanka hf. og Sparisjóði Höfðhverfinga ses., sem og athuganir á öðrum eftirlitsskyldum aðilum (sjá nánari umfjöllun á bls. 25-26), auk vettvangsathugana á gæðum skýrslna vegna fjármálagerninga (TRS II) (sjá nánari umfjöllun á bls. 21).

## Rammagrein 1

### Niðurstaða úttektar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fylgni fjármálaeftirlitsins við kjarnareglur Basel-nefndarinnar um bankaeftirlit

Kjarnareglur Basel-nefndarinnar um skilvirkt bankaeftirlit (e. Core Principles for Effective Banking Supervision) voru upphaflega gefnar út árið 1997, uppfærðar árið 2012 og í maí 2023 var enn ein endurskoðun reglnanna sett í umsagnarferli sem lauk í október 2023. Endanleg útgáfa liggur þó enn ekki fyrir.

Árið 2014 framkvæmdi AGS úttekt á fylgni fjármálaeftirlitsins við kjarnareglurnar og skyldi miða við 2012-útgáfu reglnanna. Einkunnagjöfin er ferns konar: í fyrsta lagi uppfyllt að öllu leyti (e. Compliant), í öðru lagi uppfyllt að verulegu leyti (e. Largely Compliant), í þriðja lagi ekki uppfyllt að verulegu leyti (e. Materially Non-Compliant) og í fjórða lagi ekki uppfyllt að neinu leyti (e. Non-Compliant).

Tafla 1 Einkunnir AGS árin 2014 og 2023

	2014	2023
Uppfyllt að öllu leyti	7	9
Uppfyllt að verulegu leyti	9	14
Ekki uppfyllt að verulegu leyti	13	6
Ekki uppfyllt að neinu leyti	0	0
Samtals	29	29

Niðurstaða úttektarinnar 2014 var sú að fjármálaeftirlitið uppfyllti 55% kjarnareglanna að öllu eða verulegu leyti og 45% þeirra væru ekki uppfyllt að verulegu leyti. Í framhaldi af þessari niðurstöðu var ráðist í viðamikil verkferni að bæta þau atriði sem ekki voru talin fullnægjandi.

Á árinu 2022 hóf AGS að ósk íslenskra stjórnvalda heildstæða úttekt á íslenska fjármálakerfinu (e. Financial Sector Assessment Program, FSAP). Tilgangur úttektarinnar var að kanna viðnámsþrótt fjármálakerfisins, gæði reglu-setningar og eftirlits og burði til að takast á við fjármála-áföll. Úttektin tók meðal annars til fylgni fjármálaeftirlitsins við kjarnareglurnar, eða sömu útgáfu og úttektin frá 2014 tók til. AGS lauk við úttektina í júní 2023 og voru skýrslur með niðurstöðum hennar birtar í heild sinni á vefsíðu Seðlabankans í júlí 2023. Í töflu má sjá niðurstöðu úttektarinnar varðandi fylgni við kjarnareglurnar:

Niðurstaða úttektarinnar er að fjármálaeftirlitið uppfylli 79% kjarnareglanna að öllu eða verulegu leyti en að 21% þeirra væru ekki uppfyllt að verulegu leyti. Við samanburð við úttekt AGS árið 2014 er því ljóst að góður árangur hefur náðst í að uppfylla kjarnareglurnar.



Rétt þykir að taka fram að tiltekna kjarnareglur fengu ekki hæstu einkunn hjá AGS þar sem þær voru ekki taldar uppfylla að öllu leyti hlutaðeigandi kjarnareglu, þrátt fyrir að uppfylla að öllu leyti kröfur Evrópuréttar, enda eru kjarnareglurnar ekki alltaf alveg í samræmi við hið evrópska regluverk. Þessi sjónarmið AGS eiga einnig við um ein-

kunnagjöf hjá öðrum ríkjum innan EES sem tekin hafa verið út hjá sjóðnum.

Fjármálaeftirlitið mun áfram vinna að úrbótum á þeim kjarnareglum sem AGS taldi að væru ekki uppfylltar að verulegu leyti.

## Endurbótaáætlanir og skilaáætlanir



Að mati fjármálaeftirlitsins uppfylla endurbótaáætlanir lánastofnana nú almennt þær formkröfur um efni og innihald sem til þeirra eru gerðar. Áherslur fjármálaeftirlitsins við yfirferð endurbótaáætlana hafa breyst frá því sem áður var og er nú meiri áhersla lögð á greiningar á einstökum þáttum í stað yfirferðar á efni þeirra í heild sinni. Fjármálaeftirlitið lauk yfirferð á endurbótaáætlunum Arion banka hf., Íslandsbanka hf., Kviku banka hf. og Landsbankans hf. á árinu 2023. Auk almennra ábendinga varðandi efni og framsetningu benti fjármálaeftirlitið á mikilvægi þess að viðhalda efni endurbótaáætlana þannig að þær séu ávallt uppfærðar og tilbúnar til notkunar og nýtist sem stýritæki í rekstri. Þá var farið fram á að viðskiptabankarnir framkvæmdu viðeigandi úttektir og æfingar til að greina veikleika og tryggja skilvirka og fumlauða framkvæmd komi til þess að virkja þurfi viðbúnað samkvæmt endurbótaáætlun. Þess má geta að Seðlabankinn hefur unnið að uppfærslu á eigin viðbragðsáætlunum vegna lánastofnana.

Á árinu uppfærði skilavald Seðlabankans skilaáætlanir fyrir kerfislega mikilvægu bankana þrjá. Við uppfærsluna voru einnig teknar ákvarðanir um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar bankanna (MREL) í samræmi við lög nr. 70/2020, um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, og MREL-stefnu Seðlabankans.

## Eiginfjár- og lausafjárkröfur

Hinn 15. mars 2023 ákvað fjármálastöðugleikanevnd að hækka gildi sveiflujöfnunarauka í 2,5%, en gildi sveiflujöfnunaraukans var áður 2% af áhættugrunni vegna innlendra áhættuskuldbindinga. Að mati nefndarinnar var sveiflujöfnunaraukinn mikilvægur þáttur í viðnámsþoli bankakerfisins. Þá var það mat nefndarinnar að hækkingin væri til þess fallin að auka enn frekar viðnámsþrótt fjármálafyrirtækja í ljósi þeirrar áhættu sem byggst hefði upp og gæti raungerst á næstu misserum. Hækkun sveiflujöfnunaraukans tekur gildi 15. mars 2024.

Í júlí 2023 var birt niðurstaða úr könnunar- og matsferli hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf. um viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn, þ.e. til viðbótar við grunnkröfu um eiginfjárgrunn og samanlagða kröfu um eiginfjárauauka. Nemur viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn kerfislega mikilvægu bankanna á bilinu 2,1% - 2,8% og heildarkrafa um




eiginfjárgrunn þeirra á samstæðugrunni er á bilinu 19,4% - 20,1%.

Í júlí 2023 var einnig birt niðurstaða úr könnunar- og matsferli hjá Kviku banka hf. um viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn. Nemur viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn bankans 4% og heildarkrafa um eiginfjárgrunn á samstæðugrunni er 18,7%.

Lausafjár- og fjármögnunarkröfur samkvæmt reglum nr. 1520/2022 vegna lánastofnana eru 100% vegna lausafjárlutfalls fyrir alla gjaldmiðla samtals, 80% fyrir evrur ef skuldbindingar í evrum nema 10% eða meira af heildarskuldbindingum, 50% vegna lausafjárlutfalls í íslenskum krónum og 100% vegna fjármögnunarhlutfalls í öllum gjaldmiðlum samtals. Engar viðbótar lausafjár- eða fjármögnunarkröfur voru settar á innlánsstofnanir á árinu 2023, en lausafjäreignir innlánsstofnana voru töluvert umfram lágmarkskröfur í árslok 2023, eða um 395 ma.kr.

### Rekstrarafkoma kerfislega mikilvægra banka

Heildarafkoma kerfislega mikilvægra banka var ágæt á árinu 2023. Samanlagður hagnaður eftir skatta nam 83,5 ma.kr. sem er töluvert betri afkoma en árið á undan þegar hagnaður var 67 ma.kr. Arðsemi eigin fjár var 12,2%<sup>1</sup> að meðaltali árið 2023, samanborið við 10,6% árið 2022. Afkoma af grunnrekstri var vel ásættanleg og batnaði frá fyrra ári. Hreinar vaxtatekjur hækkuðu í heildina og kostnaðarhlutfall lækkaði að meðaltali á milli ára.



### Stýring loftslagsáhættu fjármálafyrirtækja

Loftslagsáhætta, þ.e. fjárhagsleg áhætta sem rekja má til loftslagsbreytinga og viðbragða við þeim, er ein af þeim áhættum sem fjármálafyrirtæki standa frammi fyrir. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með áhættustýringu

og mati á slíkum áhættum og gerir það að miklu leyti í gegnum könnunar- og matsferli sem framkvæmt er reglulega. Í könnunar- og matsferlinu árið 2023 var í fyrsta skipti gerð úttekt á loftslagsáhættu viðskipta-bankanna fjögurra og var áhættustýring þeirra skoðuð með hliðsjón af meginreglum Basel-nefndarinnar um bankaeftirlit varðandi loftslagsáhættu.

### Helstu niðurstöður

Þekking á málaflokknum er nokkur innan bankanna og þeir hafa almennt sett sér stefnu sem tekur á loftslagsáhættu. Niðurstaða þessarar fyrstu úttektar var að framlag til málaflokksins hefði verið hæfilegt. Nokkuð skorti á skilgreiningu ábyrgðar einstakra aðila. Jafnframt var í mati bankanna lögð töluverð áhersla á þau áhrif sem þeir hafa á umhverfi sitt samanborið við þá áhættu sem þeir standa sjálfir frammi fyrir. Þessu tvennu er einnig oft blandað saman.

Innri endurskoðun bankanna hefur almennt takmarkaða aðkomu að eftirliti með loftslagsáhættu. Eftirlitið er að mestu leyti á hendi áhættustýringar en unnið er að því að auka aðkomu framlínu og þeirra aðila innan bankanna sem taka útlánaákvæðanir.

Greining loftslagsáhættu innan bankanna er nokkuð gróf og felst aðallega í því að viðurkenna að hún sé til staðar. Almennt hafa hvorki verið greindir afmarkaðir og mikilvægir (e. material) áhættuþættir sem gætu valdið verulegu tjóni né skilgreindur áhættu-vilji m.t.t. slíkra þátta. Það sem helst kemst nálægt því að flokkast sem áhættuþáttur er súrnun sjávar sem sumir bankanna telja að geti orðið neikvæð fyrir sjávarútveg en þó ekki svo að skilgreina þurfi áhættu-vilja með tilliti til þessa áhættuþátta. Mælikvarðar loftslagsáhættu sem settir eru fram af bönkunum eru jafnframt takmarkaðir, utan fjármagnaðrar losunar sem mælikvarða á kostnað við losun, sem er þáttur sem almennt er mældur hjá bönkunum. Bankarnir hafa þó sett sér markmið um „græna“ fjármögnun, en gera má ráð fyrir að slík útlán verði síður fyrir neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga.


Loftslagsáhætta nýrra útlána er að einhverju leyti metin hjá bönkunum en þeir hafa ekki lagt mat á áhrif loftslagsáhættu á einstaka áhættuþætti. Jafnframt hefur eiginfjárþörf vegna loftslagsáhættu almennt ekki verið metin eða er ekki talin vera til staðar.

Stjórnir bankanna fá reglulega upplýsingar um loftslagsáhættu en að þeirra mati eru þessar upplýsingar ófullnægjandi vegna skorts á gögnum og samræmdri aðferðafræði.


1. Einfalt meðaltal.

## Vettvangsathuganir

Vettvangsathuganir styðja við reglubundið eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum og eru ein þeirra aðferða sem fjármálaeftirlitið beitir til að sinna lögbundnu hlutverki sínu að kanna og meta undirliggjandi áhættuþætti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila ásamt því að leggja mat á stjórnarhætti og umgjörð innra eftirlitakerfis þeirra. Ákvarðanir um vettvangsathuganir eru byggðar á áhrifavægi eftirlitsskyldra aðila ásamt niðurstöðu áhættumats. Jafnframt er tekið mið af stærð, kerfislegu mikilvægi, eðli og umfangi og því hversu margþætt starfsemin er.



Fjármálaeftirlitið lauk 20 vettvangsathugunum á árinu 2023, samanborið við 27 á árinu 2022. Eins og áður var lögð áhersla á athuganir á aðgerðum eftirlitsskyldra aðila gegn peningþvætti og fjármögnum hryðjuverka, ásamt athugunum er tengdust útlánaáhættu, rekstraráhættu, lausafjár- og fjármögnunaráhættu og stjórnarhættum og innra eftirliti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila.



### Ábendingar

Í framhaldi af þeim upplýsingum sem bankarnir gáfu um eftirlit sitt með loftslagsáhættu voru þeir hvattir til að greina loftslagsáhættu á ítarlegri hátt en þeir hafa gert til að koma auga á mikilvæga áhættuþætti sem stýra þarf. Hluti af þeirri stýringu væri að koma sér upp áhættuvísu sem væru mælikvarðar á þá áhættuþætti sem greindir hafa verið og skilgreina mörk þeirra áhættuvísa sem endurspegla áhættuvilja banka. Svo dæmi sé tekið væri kostnaður við losun (kaup jarðefnaeldsneytis og hugsanleg gjöld á losun) til að mynda áhættuþáttur þar sem fjármögnuð losun væri áhættuvísir.

Bankarnir voru enn fremur hvattir til að greina betur á milli þeirrar hættu sem umhverfinu stafar af starfsemi þeirra og þeirrar áhættu sem þeir standa frammi fyrir og taka sérstaklega á henni.

### Næstu skref

Vinna við að stýra loftslagsáhættu innan bankanna er að hefjast. Fyrsta skrefið er greining áhættu sem stýra þarf því þótt viðurkennt sé að loftslagsbreytingar skapi áhættu fyrir bankana hefur sem fyrr segir ekki verið greindur vel skilgreindur mikilvægur áhættuþáttur í því samhengi. Í ljósi stöðunnar mun fjármálaeftirlitið leggja áherslu á að aðferðafræði bankanna við greiningu loftslagsáhættu verði eflað.

Á næstunni mun stýring loftslagsáhættu þróast. Með greiningu betur skilgreindra áhættuþátta mun aðferðafræði við mat þeirra taka á sig ákveðnari mynd innan bankanna og hjá fjármálaeftirlitinu. Það er ferli sem mun taka einhvern tíma og mun því líklegast aldrei ljúka að fullu.

## Evrópusamstarf

Samstarf við EBA hefur áhrif á reglubundið eftirlit með fyrirtækjum á fjármálamarkaði, en áherslur EBA endurspeglast m.a. í verkáætlun fjármálaeftirlitsins. Þá er laga- og regluverk á bankamarkaði unnið á vettvangi EBA og fylgist fjármálaeftirlitið grannt með þeirri vinnu, meðal annars með þátttöku í vinnuhópum og nefndum stofnunarinnar. Fjármálaeftirlitið tekur einnig þátt í ýmiss konar samstarfi við Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin.

## Eftirlit með váttryggingastarfsemi

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með váttryggingafélögum sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunn- eftirlitslíkan fjármálaeftirlitsins, þar sem skilgreint er hversu oft helstu áhættuþættir í rekstri félaganna eru teknir til athugunar. Hins vegar er um að ræða sér- tækar athuganir eftir aðstæðum og áherslum fjármála- eftirlitsins hverju sinni. Helstu áhættuþættir og þróun á markaði eru greind og fylgst með að starfsleyfisskilyrði séu uppfyllt, að starfshættir séu í samræmi við lög og reglur og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana hverju sinni. Þá hefur fjármálaeftirlitið einnig eftirlit með starf- semi váttryggingamiðlara og viðskiptaháttaeftirlit með erlendum váttryggingafélögum sem hafa leyfi til að stunda viðskipti á Íslandi.

Í lok árs 2023 störfuðu fjögur skaðatryggingafélög og fjögur líftryggingafélög á grundvelli starfsleyfis sem veitt var af fjármálaeftirlitinu. Að auki var eitt endur- tryggingafélag sem vinnur að uppgjöri eldri skuld- bindinga og Náttúruhamfaratrygging Íslands (NTÍ) sem er ríkisstofnun og starfar á grundvelli sérlaga. Níu váttryggingamiðlanir hafa starfsleyfi frá fjármálaeftirlit- inu og fjöldi váttryggingafélaga og váttryggingamiðlara á EES hefur tilkynnt um starfsemi hérlandis.

### Reglubundið eftirlit

Reglubundið eftirlit með váttryggingafélögum snýr m.a. að gjaldþolsstöðu þeirra og getu til að mæta fjár- hagslegum skuldbindingum. Fjármálaeftirlitið fer yfir reglubundin gagnaskil og tekur viðtöl við forstjóra, ábyrgðaraðila lykilstarfssviða og endurskoðanda félaga- anna. Þá metur fjármálaeftirlitið árlega þá áhættu sem snýr að rekstri váttryggingafélaga, í samræmi við [Almenn viðmið og aðferðafræði vegna eftirlitsferlis Fjármálaeftirlitsins með váttryggingafélögum](#). Samstarf við Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofn- unina (EIOPA) er stór hluti af starfi við reglubundið eftir-

lit með váttryggingafélögum þar sem stofnunin fer með hlutverk í að samræma framkvæmd váttryggingaeftirlits á evrópska efnahagssvæðinu og áherslur EIOPA endur- speglast m.a. í verkáætlun fjármálaeftirlitsins.

Á nýliðnu ári var lögð áhersla á gagnagæði í reglulegum gagnaskilum auk forsendna útreikninga gjaldþolskröfu samkvæmt staðalreglu. Í einhverjum tilvikum var gerð ábending við útreikninga og óskað leiðréttinga. Fjármálaeftirlitið leggur ríka áherslu á að váttryggingafélög hafi kerfi og skipulag sem tryggja áreiðanleika og gæði gagna.

### Jarðhræingar og eldsumbrot á Reykjanesi

Fjármálaeftirlitið kannaði viðbrögð innlendra váttrygg- ingafélaga í aðdraganda þess að neyðarástandi var lýst yfir í Grindavík og bærinn rýmdur í nóvember 2023. Innlend váttryggingafélög voru í samskiptum við váttryggingataka á svæðinu þar sem aðilum var í einhverjum tilvikum leiðbeint með að huga að því að uppfæra innbúsverðmæti með það markmið að ná betur utan um mögulegt tjón. Tilkynning frá NTÍ barst skömmu síðar um að óheimilt væri að gera nýja váttryggingasamninga eða breyta þeim þar sem váttrygg- ingaratburður væri hafinn eða væri yfirvofandi, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 770/2023, um Náttúruhamfara- tryggingu Íslands.

Hlutverk NTÍ er að váttryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara. Skyld er að váttryggja allar húseignir og lausafé sem er brunatryggt hjá váttryggingafélagi ásamt tilteknum mannvirkjum þótt þau séu ekki brunatryggð, t.d. hitaveitur og hafnarmannvirki. Lögum samkvæmt eru eingöngu bein tjón vegna náttúruhamfara tryggð af NTÍ og ekki óbein tjón. Bótaskylda í tilviki náttúruham- fara fellur þannig að jafnaði utan gildissviðs váttrygg- ingarskilmála annarra váttryggingafélaga og þannig undanskilja rekstrarstöðvunartryggingar almennt nátt- úruhamfarir nema sérstaklega sé samið um það.

### Breytingar á reikningsskilum

Samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi eru árs- reikningar váttryggingafélaga samdir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Á árinu 2023 tók gildi nýr alþjóðlegur reikningsskilastaðall, IFRS 17 Váttrygginga- samningar sem kemur í stað eldri reikningsskilastaðals, IFRS 4. Nýr staðall hefur í för með sér breytta fram- setningu á bæði rekstrar- og efnahagsreikningi auk þess sem að gerðar eru ríkari skýringakröfur.

### Breytingar á gagnaskilum váttryggingafélaga

Í lok árs 2023 tóku gildi breytingar á gagnaskilum váttryggingafélaga sem starfa á EES. Frá gildistöku

laga um váttryggingastarfsemi í samræmi við Solvency II-tilskipun ESB hafa gagnaskil váttryggingafélaga til eftirlitsstjórnvalda innan EES verið samræmd. Í samræmi við nýja framkvæmdarreglugerð þurfa váttryggingafélög nú einnig að veita upplýsingar um loftlagsá-hættu og netáhættu vegna skaðatrygginga.

## Rekstraráhætta

Á árinu voru framkvæmdar þrjár þema vettvangsathug-anir hjá váttryggingafélögunum sem vörðuðu rekstrar-áhættu. Þar var horft til verklags og ferla sem varða stefnu um rekstraráhættu, umgjörð útvistunar, við-búnaðarumgjörð, skýjaþjónustu og upplýsingatækni. Tveimur þessara athugana var ólokið í árslok 2023.

## Rammagrein 3

### Hæfismöt stjórnarmanna og framkvæmdastjóra auk aðila sem hyggjast eignast virkan eignarhlut

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hæfi og hæfni stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila. Hæfismatið er framkvæmt þegar stjórnarmenn og framkvæmdastjórar hefja störf hjá eftirlitsskyldum aðilum. Auk þess getur fjármálaeftirlitið tekið hæfi þeirra til endurskoðunar ef tilefni er til. Það er þó ávallt á ábyrgð eftirlitsskyldra aðila að tryggja að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar þeirra fullnægi gildandi hæfisskilyrðum laga og reglna á hverjum tíma.

Tafla 1 Hæfismöt stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

Tegund eftirlitsskyldra aðila	Fjöldi
Víðskiptabankar	9
Lánafyrirtæki	17
Verðbréfafyrirtæki	8
Greiðslustofnanir	13
Rafeyrisfyrirtæki	1
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	4
Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða	11
Váttryggingafélög	12
Lífeyrissjóðir	25
Samtals	100

Tafla 2 Hæfismöt stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

	2021	2022	2023
Fjöldi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra sem fóru í hæfismat	94	97	100
Fjöldi þeirra sem ekki stóðust hæfismat vegna ófullnægjandi þekkingar eða mættu ekki í viðtal	2	2	4

Í hæfismati stjórnarmanna eru aðsend gögn metin og í talsverðum fjölda tilfella eru stjórnarmenn jafnframt boðaðir í viðtal þar sem þekking þeirra er könnuð nánar. Við mat á því hvort stjórnarmaður skuli boðaður í viðtal er meðal annars horft til tegundar, stærðar og umfangs rekstrar hins eftirlitsskylda aðila og þess hvort vafi leiki á að hlutaðeigandi

stjórnarmaður fullnægi skilyrðum laga og reglna um nægilega þekkingu, hæfni og reynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Í tilfelli framkvæmdastjóra fer ávallt fram munnlegt hæfismat þar sem þekking þeirra er sérstaklega könnuð auk þess sem lagt er mat á aðsend gögn.

Fjármálaeftirlitið lagði mat á hæfi 100 stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila á árinu 2023. Af þeim voru fjórir sem annaðhvort stóðust ekki hæfismat vegna ófullnægjandi þekkingar eða mættu ekki í viðtal. Eins og fyrri ár, sneri meginhluti hæfismata að stjórnarmönnum.

#### Virkir eignarhlutir og yfirráð

Fjármálaeftirlitið metur hæfi aðila sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í eftirlitsskyldum aðilum. Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild í eftirlitsskyldum aðila sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti, eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun hlutaðeigandi eftirlitsskylds aðila.

Á árinu 2023 voru afgreiddar tilkynningar um virkan eignarhlut í 14 eftirlitsskyldum aðilum, þar af tvær tilkynningar vegna tveggja aðila, auk þess var tilkynning um yfirráð í einum eftirlitsskyldum aðila afgreidd.

Félögin Dalgeiri ehf. og Misgengi ehf. og aðilar tengdir þeim voru metin hæf til að fara með virkan eignarhlut í Ísafold Capital Partners hf., sbr. lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Þá var komist að þeirri niðurstöðu að félögin Bergholt eignir ehf., MC2 Invest ehf. og Mörk Capital ehf. og aðilar þeim tengdir væru hæf til að fara með virkan eignarhlut í Akta sjóðum hf., sbr. lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Lífeyrissjóður verzlunarmanna var metinn hæfur til að fara með virkan eignarhlut í Váttryggingafélagi Íslands hf. og dótturfyrirtæki þess, Líftryggingafélagi Íslands hf., sbr. lög nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi. Fossar fjárfestingarbanki hf. og aðilar

tengdir honum voru metnir hæfir til að fara með virkan eignarhlut í T Plús hf., sbr. lög nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga. Vátryggingafélag Íslands hf. var metið hæft til að fara með virkan eignarhlut í Fossum fjárfestingarbanka hf. og dóttur- og hlutdeildarfyrirtækjum hans Glym hf. og T Plús hf., sbr. lög um fjármálafyrirtæki, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og lög um markaði fyrir fjármálagerninga. Jafnframt var komist að þeirri niðurstöðu að félagið Adenza Parent LP og aðilar því tengdir væru hæf til að fara með virkan eignarhlut í Kauphöll Íslands hf., sbr. lög um markaði fyrir fjármálagerninga.

Þá voru í tengslum við veitingu nýs starfsleyfis eftirfarandi tilkynningar um virkan eignarhlut afgreiddar. Við veitingu starfsleyfis Straums greiðslumiðlunar hf. var Kvika banki hf. metinn hæfur til að fara með virkan eignarhlut í greiðslustofnuninni, sbr. lög nr. 114/2021, um greiðsluþjónustu. Einnig var komist að þeirri niðurstöðu við starfsleyfisveitingu Glyms hf. að Fossum fjárfestingarbanki hf. og aðilar honum tengdir væru hæfir til að fara með virkan

eignarhlut í rekstraraðilanum, sbr. lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Í tengslum við starfsleyfisveitingu Blikks hugbúnaðarþjónustu hf. var félagið InfoCapital ehf. og aðili tengdur því metin hæf til að fara með virkan eignarhlut í greiðslustofnuninni, sbr. lög um greiðsluþjónustu. Við starfsleyfisveitingu SIV eignastýringar hf. var komist að þeirri niðurstöðu að Vátryggingafélag Íslands hf. og félögin Maldini ehf., Salka2 ehf. og YNWA ehf. og aðilar tengdir þeim væru hæf til að fara með virkan eignarhlut í rekstraraðilanum, sbr. lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Í tengslum við starfsleyfisveitingu A/F Rekstraraðila hf. var verðbréfafyrirtækið Arctica Finance hf. og aðilar því tengdir metin hæf til að fara með virkan eignarhlut í rekstraraðilanum, sbr. lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Jafnframt var komist að þeirri niðurstöðu að félagið Innviðir fjárfestingar slhf. og aðilar því tengdir væru hæf til að fara með yfirráð í Verðbréfamiðstöð Íslands hf., sbr. lög nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

## Umsvif erlendra vátryggingafélaga

Vátryggingafélögum með höfuðstöðvar í öðrum ríkjum innan EES er heimilt að selja vátryggingar og endurtryggingar hér á landi í gegnum útibú eða án starfsstöðvar. Fjöldi erlendra vátryggingafélaga hefur tilkynnt um veitingu þjónustu á Íslandi án starfsstöðvar. Stærsti hluti þeirra iðgjalda sem greidd eru erlendum vátryggingafélögum er vegna kaupa á erlendum lífeyristryggingum og öðrum líf- og heilsutryggingum. Upplýsingar um sölu vátryggingafélaga með starfsleyfi í öðrum ríkjum EES á Íslandi er aflagi í gegnum EIOPA. Bókfærð iðgjöld erlendra vátryggingafélaga á árinu 2022 námu 26,9 ma. kr. Stærstur hluti þeirra iðgjalda var vegna kaupa á erlendum lífeyristryggingum fyrir 18,3 ma. kr. og 318,7 m.kr. vegna annarra líf- og heilsutrygginga. Fjárhæð iðgjalda vegna ársins 2023 liggur enn ekki fyrir. Iðgjöld vegna lífeyristrygginga eru einkum til erlendra líftryggingafélaga sem bjóða viðbótartryggingavernd á grundvelli 8. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

## Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar. Annars vegar er um

að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunneftirlitslíkan fjármálaeftirlitsins en þar er skilgreint hversu oft helstu áhættuþættir í rekstri lífeyrissjóðanna eru teknir til athugunar. Hins vegar er um að ræða sértækar athuganir eftir aðstæðum og tilefni hverju sinni. Helstu áhættuþættir og þróun á markaði eru greind. Fylgst er með að starfsleyfisskilyrði séu uppfyllt og að starfsþættir séu í samræmi við lög og reglur og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana hverju sinni. Þá er eigið áhættumat lífeyrissjóða tekið til skoðunar og viðtöl tekin við tiltekna lykilstarfsmenn.

Á árinu 2023 var starfandi 21 lífeyrissjóður sem veitti móttöku lögbundnu iðgjaldi samtryggingardeilda og buðu 13 þeirra valfrjálsan séreignarsparnað í 43 deildum. Þá voru starfandi sjö aðrir vörsluaðilar séreignarsparnaðar með samtals 33 deildir auk tveggja erlendra vátryggingafélaga, sem buðu séreignarsparnað í formi lífeyristrygginga.

### Reglubundið eftirlit

Reglubundið eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar felur í sér eftirlit með hlítingu við lög og reglur sem og mat á áhættu í rekstri lífeyrissjóðanna. Fjármálaeftirlitið leggur mat á áhættuþætti sem tengjast starfsemi lífeyrissjóða. Við matið eru einkum lagðar til grundvallar upplýsingar í reglubundnum gagnaskilum,

viðtöl við framkvæmdastjóra, tryggingastærðfræðinga, áhættustjóra, innri endurskoðanda og stjórnarmenn þeirra, ásamt niðurstöðum sértækra eftirlitsverkefna.

### Samþykktarbreytingar lífeyrissjóða

Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, er kveðið svo á um að allar breytingar á samþykktum lífeyrissjóðs skuli tilkynna ráðherra og að þær öðlist ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest að þær fullnægi ákvæðum laganna og ákvæðum gildandi samþykktu fyrir lífeyrissjóðinn að fenginni umsögn fjármálaeftirlitsins. Á árinu 2023 veitti fjármálaeftirlitið umsagnir um fimmtán breytingar á samþykktum lífeyrissjóða. Í nokkrum tilfellum var um að ræða skerðingar á lífeyrisréttindum sem leiddu af niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar m.v. stöðu í lok árs 2022. Þá gerðu nokkrir lífeyrissjóðir breytingar á ákvæði um lágmarksiðgjald og innleiddu tilgreinda séreign í samræmi við breytingar á lögum.

### Stjórnarhættir, rekstraráhætta og útvistun

Eins og fyrri ár voru athuganir á stjórnarháttum lífeyrissjóða fyrirferðarmiklar í eftirliti fjármálaeftirlitsins á árinu 2023. Áhersla var lögð á að leggja mat á áhættuvitund stjórnar, áhættumenningu, greiningu á hagsmunarárekstrum ásamt því að kanna eftirlitskerfi lífeyrissjóða. Athugasemdum og ábendingum var komið á framfæri þar sem við átti vegna framangreindra athugana.

Farið var í athugun á tilteknum þáttum rekstraráhættu hjá níu lífeyrissjóðum á árinu 2023. Kallað var eftir útvistunarskrá og útvistunarsamningar rýndir í úrtaki. Auk þess var kannað hvort viðkomandi lífeyrissjóðir hefðu eftirlit með útvistuðum verkefnum og aflað upplýsinga um viðbúnaðaráætlanir og prófanir á viðbúnaði.

### Lágmarkstryggingavernd

Á árinu 2023 leitaði fjármálaeftirlitið sjónarmiða lífeyrissjóðs um hvort öflun lífeyrisréttinda væri nægjanleg til þess að standa undir lágmarkstryggingavernd sem skylt er að veita. Athuginin leiddi í ljós að sjóðfélagar lífeyrissjóðsins öfluðu sér minni réttinda en sem nemur lágmarkstryggingavernd, sem hann brást við með því að breyta réttindaávinnslu og hækka lífeyrisaldur.

### Sjálfbærnivegferð lífeyrissjóða

Fjármálaeftirlitið hóf úttekt á stýringu lífeyrissjóðanna á sjálfbærniáhættu á árinu. Að þessu sinni takmarkaðist úttektin við loftslagsáhættu, hlutmengi sjálfbærniáhættu. Skoðuð var stýring sjóðanna á loftslagsáhættu og verða þeim sendar ábendingar í kjölfarið.

### Athugun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á íslensku fjármálakerfi (FSAP)

AGS gerði, eins og framar segir, úttekt á stöðu íslensks fjármálakerfis á fyrri hluta ársins 2023 sem náði til allra meginstoða þess. Sendinefnd AGS átti m.a. fundi með Seðlabankanum, ráðuneytum og ýmsum hagaðilum í íslensku atvinnulífi s.s. lífeyrissjóðum. Í úttektinni var sjónum sérstaklega beint að íslenskum lífeyrissjóðum. Helstu niðurstöður AGS voru að fjármálakerfið byggi yfir nægilegum viðnámsþrótti en úttektin leiddi einnig í ljós einhverja veikleika. AGS telur að tilefni sé til að styrkja löggjöf á lífeyrismarkaði. Í þessu sambandi er lagt til að efla kröfur til stjórnarháttu og auka eftirlit með lífeyrissjóðum vegna kerfislegs mikilvægis þeirra á fjármálamarkaði.

### Grænbók og sérrit um lífeyrismál

Seðlabankinn átti fundi með starfshópi fjármála- og efnahagsráðherra sem vinnur að gerð grænbókar um lífeyrissjóði og kom á framfæri áherslum og tillögum um breytingar á löggjöf um lífeyrisréttindi og lífeyrissjóði í formi þriggja minnisblaða. Sumar af þeim áherslum og tillögum voru samantekt á fyrri tillögum sem Seðlabankinn og áður Fjármálaeftirlitið höfðu vakið athygli á.

Þá vinnur Seðlabankinn að útgáfu sérrits (umræðuskjals) um helstu áherslur sem Seðlabankinn telur mikilvægt að hugað verði að í tengslum við breytingar á löggjöf um lífeyrissjóði.

### Viðurlög

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins gerði í maí 2023 samkomulag um að ljúka máli með sátt sem fólst í broti lífeyrissjóðsins gegn 1. mgr. 58. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, með því að tilkynna ekki fyrir fram um áform sín um að eignast beinan virkan eignarhlut í Váttryggingafélagi Íslands hf. og óbeinan virkan eignarhlut í Líftryggingafélagi Íslands hf. Með samkomulaginu samþykkti lífeyrissjóðurinn að greiða sekt að fjárhæð 2,5 m.kr. til ríkissjóðs. Samkomulagið var birt á vefsíðu Seðlabankans í sama mánuði.

### Eftirlit með viðskiptaháttum og málefni neytenda

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Markmið fjármálaeftirlitsins er m.a. að stuðla að fagmennsku, sanngirni og heiðarleika við veitingu þjónustu á fjármálamarkaði í því skyni að efla fjárfesta- og neytendavernd. Fjármálaeftirlitið fram-

## Starfsleyfi og önnur leyfismál

Eitt af verkefnum fjármálaeftirlitsins er að afgreiða umsóknir fyrirtækja, og í sumum tilvikum einstaklinga, um leyfi til að starfa á fjármálamarkaði. Slík verkefni geta verið umfangsmikil og krefjast aðkomu sérfræðinga með fjölbreytta þekkingu og reynslu. Töluverðar breytingar voru tengdar starfsleyfum og öðrum leyfismálum eftirlitsskyldra aðila á árinu 2023:

- Fossar fjárfestingarbanki hf. fékk aukið starfsleyfi á grundvelli laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga. Hinar auknu starfsheimildir taka til sölutryggingar í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga og þjónustu í tengslum við sölutryggingu.
- Straumur greiðslumiðlun hf. fékk starfsleyfi sem greiðslustofnun á grundvelli laga nr. 114/2021, um greiðsluþjónustu. Greiðslustofnunin hefur heimild til að framkvæma greiðslur, þ.m.t. millifæra fjármuni á og af greiðslureikningi hjá greiðsluþjónustuveitanda notanda eða hjá öðrum greiðsluþjónustuveitanda, framkvæma greiðslur ef fjármunir eru tryggðir með lánalínu fyrir notanda greiðsluþjónustu og gefa út greiðslumiðla og/eða færsluhirða greiðslur.
- Blikk hugbúnaðarþjónusta hf. fékk starfsleyfi sem greiðslustofnun á grundvelli laga um greiðsluþjónustu. Greiðslustofnunin hefur heimild til greiðsluvirkjunar og að veita reikningsupplýsingaþjónustu.
- Rafeyrisfyrirtækið Rapyd Europe hf. og greiðslustofnunin Valitor hf. sameinuðust, sbr. lög nr. 17/2013, um útgáfu og meðferð rafeyris, og lög um greiðsluþjónustu. Fyrirnefnda félagið var lagt niður og tók hið síðarnefnda yfir öll réttindi og skyldur þess fyrirnefnda. Hið sameinaða félag starfar nú sem rafeyrisfyrirtæki undir heitinu Rapyd Europe hf.
- Verðbréfafyrirtækið ACRO verðbréf hf. fékk heimild til safnskráningar, sbr. lög um markaði fyrir fjármálagerninga.
- SIV eignastýring hf. fékk starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða, sbr. lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Í leyfinu felst heimild félagsins til að reka sérhæfða sjóði. Félaginu er einnig heimilt að sinna eignastýringu og móttöku og miðlun fyrir mæla varðandi fjármálagerninga.
- A/F Rekstraraðili hf. fékk starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða, sbr. lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Frá 2021 hafði félagið verið skráð sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða. Í leyfinu felst að félaginu er heimilt að reka sérhæfða sjóði.
- Glymur hf. fékk starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða, sbr. lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Félagið hafði verið skráð sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða frá 2021. Í leyfinu felst heimild félagsins til að reka sérhæfða sjóði.
- Félögin Aldir ehf., Founder Ventures Management ehf., MGMT Venture Capital ehf., Nordic Ignite ehf., ORCA Capital Partners ehf. og REC SJÓÐIR ehf. voru skráð sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, sbr. lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Í skráningunni felst takmörkuð heimild til reksturs sérhæfðra sjóða.
- IsMynt ehf. var skráð sem þjónustuveitandi sýndareigna á grundvelli laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

### Leyfisskyld starfsemi stunduð án leyfis

Fjármálaeftirlitið gerir frumkvæðis skoðanir og fær reglulega ábendingar vegna starfsemi fyrirtækja sem mögulega stunda leyfis- eða skráningarskylda starfsemi án leyfis eða skráningar. Á árinu 2023 var starfsemi 33 aðila til skoðunar, þar af voru 22 skoðanir sem ekki hafði verið lokið á árinu 2022. Af þessum skoðunum var 31 tilkomin vegna frumkvæðisathugana en tvær hófust vegna ytri ábendinga. Skoðun á starfsemi 13 aðila er enn ólokið. Stefnt er að því að ljúka þeim skoðunum árið 2024.

kvæmir fjölda athugana sem tengjast viðskiptaháttum ár hvert, bæði að eigin frumkvæði og einnig í kjölfar ábendinga sem berast eftirlitinu. Þá hafa ýmsar greiningar á hegðun fjárfesta farið fram, s.s. á fjárfestingum og áhættusækni almennra fjárfesta.

Markmið viðskiptaháttaeftirlits er m.a. að tryggja að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög

og reglur, í því skyni að efla fjárfestavernd og traust á fjármálamarkaðinum. Undir viðskiptahætti fellur m.a. upplýsingagjöf eftirlitsskyldra aðila til viðskiptavina, flokkun viðskiptavina, skráning og varðveisla gagna, þ.m.t. símtala, og meðhöndlun kvartana. Þar af leiðandi geta hvers kyns samskipti milli eftirlitsskyldra aðila og viðskiptavina eða hugsanlegra viðskiptavina er varða



veitingu fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi fallið undir meginreglur um viðskiptahætti.

Á árinu 2023 lauk fjármálaeftirlitið ýmsum athugunum sem snertu viðskiptahætti og málefni neytenda. Áframhald var á umfangsmiklum athugunum á framkvæmd innlendra sölu- og umsjónaraðila í útboði Bankasýslu ríkisins á 22,5% eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf. sem fram fór á vordögum 2022. Tveimur athugunum á framkvæmd í útboðinu lauk á árinu, annarri þeirra með sátt en hinni með niðurstöðu um brot og birtingu gagnsæistilkynningar. Öðrum athugunum vegna sama hlutfjárútboðs er ólokið.

Á árinu 2023 var styrkari stoðum rennt undir viðskiptaháttaeftirlit, en fleiri starfsmenn koma nú að því en áður. Er það í samræmi við stefnumarkandi áherslur fjármálaeftirlitsins og áherslur evrópsku eftirlitsstofnanna á fjármálamarkaði (EBA, EIOPA og ESMA). Unnið er að mótun áhættumiðaðs eftirlits með viðskiptaháttum sem ætlað er að beina sjónum fjármálaeftirlitsins að starfsháttum, annmörkum og áhættum á fjármálamarkaði sem geta skaðað hagsmuni neytenda og fjárfesta.

#### **Framkvæmd Íslandsbanka hf. við sölumeðferð á 22,5% eignarhluta ríkisins í bankanum**

Fjármálaeftirlitið lauk athugun á framkvæmd Íslandsbanka hf. við sölumeðferð og í útboði á 22,5% eignarhluta ríkisins í bankanum sem fram fór 22. mars 2022. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort bankinn hefði uppfyllt skyldur sínar sem umsjónar- og söluaðili í útboðinu samkvæmt lögum nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, sbr. framselda reglugerð (ESB) 2017/526, og lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Athugunin tók til framkvæmdar bankans við veitingu fjárfestingarþjónustu og til stjórnarháttanna. Niðurstaða athugunarinnar var að bankinn hefði brotið gegn ákvæðum 4. og 5. mgr. 10. gr., 1. og 2. mgr. 21. gr., 1. og 2. másl. 2. mgr. 23. gr., 1. mgr. 32. gr., 1. mgr. 33. gr., 1. mgr. 34. gr., 1. mgr. 54. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, a-lið 3. mgr. 34. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. og 32. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, 2. mgr. 38. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. og 32. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, 2. mgr. 41. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. og 32. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, og 6. mgr. 76. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. og 23. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, og þágildandi 1. másl. 1. mgr. 17. gr. og 1. og 3. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 3. mgr. 10. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, með því að stjórn og bankastjóri Íslandsbanka hf. hefðu ekki með fullnægjandi hætti innleitt stjórnarhætti og innra eftirlit

sem tryggði skilvirka og varfærna stjórnun. Það hefði meðal annars leitt til þess að bankinn uppfyllti ekki laga-kröfur og innri reglur sem stjórn hans setti. Íslandsbanki hf. óskaði eftir að ljúka málinu með gerð samkomulags um sátt. Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands tók ákvörðun um að ljúka málinu með samkomulagi um greiðslu sektar að fjárhæð 1.160 m.kr. í ríkssjóð og skuldbindingu um úrbætur.

Meðal brota sem lýst er í sáttinni eru að Íslandsbanki hljóðritaði ekki símtöl, veitti viðskiptavinum rangar upplýsingar um skilmála útboðsins og fylgdi ekki skilyrðum laga við mat á umsóknum viðskiptavina um að teljast vera fagfjárfestar. Þá greip bankinn ekki til fullnægjandi ráðstafana til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, s.s. í tengslum við þátttöku stjórnenda og starfsmanna bankans í útboðinu og með fullnægjandi aðskilnaði starfssviða. Niðurstaða fjármálaeftirlitsins var jafnframt að bankinn hefði ekki gert áhættumat í tengslum við aðkomu hans að söluferlinu. Þá hefði Íslandsbanki veitt viðskiptavinum eignastýringar bankans rangar og villandi upplýsingar um lágmarksfjárhæð tilboða í útboðinu og Bankasýslu ríkisins villandi upplýsingar um flokkun fjárfesta sem tóku þátt í útboðinu og með hvaða hætti þeim var boðin þátttaka í útboðinu. Með þeirri háttsemi að bjóða almennum fjárfestum að taka þátt í útboði sem eingöngu var ætlað hæfum fjárfestum virti Íslandsbanki hf. ekki útboðsskilmála Bankasýslunnar. Loks var Íslandsbanki hf. ekki talinn uppfylla að öllu leyti skylduna til að starfa heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi við undirbúning og framkvæmd útboðsins.

Samkomulagið var birt á vefsíðu Seðlabankans í júní 2023.

#### **Framkvæmd Landsbankans hf. í útboði Bankasýslu ríkisins á 22,5% eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka**

Fjármálaeftirlitið lauk athugun á framkvæmd Landsbankans hf. í útboðinu. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort bankinn hafi uppfyllt skyldur sínar við veitingu fjárfestingarþjónustu skv. lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga í útboðinu. Athugunin tók til flokkunar viðskiptavina, skráningar og varðveislu símtala og annarra rafrænna samskipta og ráðstafana vegna hagsmunaárekstra. Niðurstaða fjármálaeftirlitsins var að Landsbankinn hf. hefði brotið gegn ákvæði laga um markaði fyrir fjármálagerninga með því að hafa ekki metið verðgildi fjármálagerninga tveggja viðskiptavina með fullnægjandi hætti þegar þeir óskuðu eftir að vera flokkaðir sem fagfjárfestar. Þá braut

bankinn gegn sama ákvæði með því að móttaka og skrá tilboð fjögurra viðskiptavina sem voru við móttöku og skráningu tilboðanna flokkaðir sem almennir fjárfestar og með því að staðfesta flokkun tveggja þeirra sem fagfjárfesta áður en skriflegar umsóknir um slíka flokkun bárust bankanum, en viðskiptavinirnir voru flokkaðir síðar sem fagfjárfestar. Fjármálaeftirlitið taldi ekki tilefni til að beita viðurlögum vegna brotanna m.t.t. eðlis og umfangs brotanna. Landsbankinn hf. gerði þegar úrbætur á þeim atriðum sem niðurstaðan tók til. Gagnsæistilkynning vegna málsins var birt á vefsíðu Seðlabankans í desember 2023.

### Upplýsingagjöf til viðskiptavina NOVIS

Athugun var gerð á breytingum vátryggingarskilmála NOVIS áður en starfsleyfi félagsins var afturkallað af hálfu Seðlabanka Slóvakíu í júní 2023. Markmið athugunar fjármálaeftirlitsins var að kanna hvort félagið uppfyllti skyldur um upplýsingagjöf til vátryggingartaka um skilmálabreytingarnar samkvæmt lögum nr. 100/2016, um vátryggingastarfsemi, og þágildandi reglur nr. 673/2017, um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti vátryggingafélaga (nú reglur nr. 353/2022, um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, samskipti við viðskiptavini og meðhöndlun kvartana). Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að NOVIS hefði veitt vátryggingartökum á Íslandi misvísandi og blekkjandi upplýsingar um breytingar á flóknum skilmálum tiltekinna vátryggingatengdra fjárfestingarafurða. Með því hefði vátryggingartökum verið nánast ómögulegt að átta sig á þýðingu þeirra og taka upplýsta ákvörðun um hvort þær samræmdust hagsmunum þeirra, en breytingarnar voru gerðar á grundvelli þegjandi samþykkis. Með þessu hefði félagið brotið með grófum hætti gegn ákvæðum framangreindra laga og reglna. Fjármálaeftirlitið gerði úrbótakröfur sem fólust meðal annars í því að NOVIS afturkallaði skilmálabreytingarnar og upplýsti vátryggingartaka og dreifingaraðila félagsins á Íslandi um afturköllunina. Gagnsæistilkynning vegna málsins var birt á vefsíðu Seðlabankans í júní 2023. Í sama mánuði var einnig birt tilkynning um að Seðlabanki Slóvakíu hefði afturkallað starfsleyfi NOVIS og birti fjármálaeftirlitið upplýsingar til viðskiptavina félagsins á vefsíðu sinni í kjölfarið.

### Upplýsingagjöf til sjóðfélaga Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Fjármálaeftirlitið gerði athugun á upplýsingagjöf Lífeyrissjóðs verzlunarmanna til sjóðfélaga í auglýsingum og á sjóðfélagavef lífeyrissjóðsins vegna breytinga á réttindum þeirra. Markmið athugunarinnar var að skoða

hvort lífeyrissjóðurinn hefði uppfyllt kröfur um að setja fram réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi og þjónustu í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Niðurstaða fjármálaeftirlitsins var að lífeyrissjóðurinn hafi brotið gegn kröfum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Jafnframt var farið fram á að breytingar yrðu gerðar á upplýsingagjöf á sjóðfélagavef hans. Hinn 30. nóvember 2023, eða sama dag og niðurstaða fjármálaeftirlitsins lá fyrir, féll dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, í máli nr. E-1722/2023, sem sjóðfélagi höfðaði gegn lífeyrissjóðnum. Niðurstaða héraðsdóms var að aldursháð lækkan lífeyrisréttinda með samþykktabreytingum sem tóku gildi 1. janúar 2023 væri ógild og í framhaldinu breytti lífeyrissjóðurinn upplýsingagjöf á sjóðfélagavef. Hæstiréttur hefur fallist á beiðni sjóðsins um áfrýjunarleyfi til réttarins.

### Athugun á innheimtuviðvörðunum hjá innheimtuaðila

Fjármálaeftirlitið lauk athugun á framkvæmd innheimtuviðvarana hjá innheimtuaðila. Markmið athugunarinnar var að kanna með hvaða hætti félagið uppfyllti kröfur um sendingu skriflegra innheimtuviðvarana samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008. Mat fjármálaeftirlitsins var að orðalag 7. gr. innheimtulaga um innheimtuviðvaranir útiloki ekki að þær séu sendar með rafrænum hætti og taldi eftirlitið því ekki tilefni til frekari athugunar á málinu.

Mat fjármálaeftirlitsins tók m.a. mið af niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur frá 31. mars 2023, í máli nr. E-2483/2022, þar sem komist var að niðurstöðu um að framangreint ákvæði innheimtulaga fæli ekki í sér skyldu til að senda skriflegar innheimtuviðvaranir alfarið og eingöngu í bréfpósti. Í lögskýringargögnum komi fram að markmið fúmvarps til innheimtulaga sé einkum að setja ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur og draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara vegna innheimtuaðgerða á frumstigi, t.d. með takmörkum á hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar í reglugerð. Með því að senda innheimtuviðvaranir rafrænt til viðskiptavina, á netföng sem lántakar hafa sjálfir upplýst um, verði að líta svo á að verið sé að stuðla að framangreindu markmiði laganna, að lántakar fái innheimtuviðvaranir fljótt og örugglega, ásamt því að draga úr kostnaði. Það var því mat dómsins að sá sendingarmáti að senda póst rafrænt á netfang sem lántaki hefur gagnert látið lánveitanda í té til samskipta uppfylli skilyrði innheimtulaga nr. 95/2008 og féllst hann ekki á að 7. gr. innheimtulaga nr. 95/2008 útiloki slíkar sendingar.

## Viðurlagamál

### Málum sem lauk með viðurlögum á árinu 2023

Á árinu 2023 lauk Seðlabankinn þremur málum með sátt við málsaðila. Einu máli var lokið með álagningu stjórnvaldssektar. Gagnsæistilkynningar vegna málanna hafa verið birtar á vef Seðlabankans. Gerð er grein fyrir þessum fjórum málum hér að neðan.

#### Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Í maí 2023 gerðu Seðlabankinn og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins með sér samkomulag um að ljúka máli með sátt, að fjárhæð 2.500.000 kr., greiðslu í ríkissjóð vegna brota lífeyrissjóðsins á ákvæði 1. mgr. 58. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, með því að hafa ekki tilkynnt fyrir fram um áform sín um að eignast beinan virkan eignarhlut í Váttryggingafélagi Íslands hf. og óbeinan virkan eignarhlut í Líftryggingafélagi Íslands hf.

#### Íslandsbanki hf.

Í júní 2023 gerðu Seðlabankinn og Íslandsbanki hf. með sér samkomulag um að ljúka máli með sátt, að fjárhæð 1.160.000.000 kr. í ríkissjóð, vegna brota bankans á nánar tilteknum ákvæðum laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, sbr. framselda reglugerð (ESB) 2017/565, og laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, við undirbúning og framkvæmd bankans í tengslum við útboð Bankasýslu ríkisins á 22,5% eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf., sem fram fór 22. mars 2022, með því að hafa ekki með fullnægjandi hætti innleitt stjórnarhætti og innra eftirlit sem tryggir skilvirka og varfærna stjórnun, hljóðrita ekki sím-töl, veita viðskiptavinum rangar upplýsingar um skilmála útboðsins, fylgja ekki skilyrðum laga við mat á umsóknum viðskiptavina um að teljast fagfjárfestar, hafa ekki gripið til fullnægjandi ráðstafana til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, s.s. í tengslum við þátttöku stjórnenda og starfsmanna bankans í útboðinu og með fullnægjandi aðskilnaði starfssviða, hafa ekki gert áhættumat í tengslum við aðkomu sína að sölufurlinu, veita Bankasýslu ríkisins villandi upplýsingar um flokkun fjárfesta sem tóku þátt í útboðinu, virða ekki útboðsskilmála Bankasýslunnar og þá var bankinn ekki talinn uppfylla að öllu leyti skylduna til að starfa heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi við undirbúning og framkvæmd útboðsins.

#### Íslensk verðbréf hf.

Í júní 2023 gerðu Seðlabankinn og Íslensk verðbréf hf. með sér samkomulag um að ljúka máli með sátt, að fjárhæð 2.600.000 kr. í ríkissjóð, vegna brota gegn 26. gr. reglugerð (ESB) nr. 600/2014, um markaði fyrir fjármálagerninga, og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (MiFIR), sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, með því að tilkynna fjármálaeftirlitinu ekki um viðskipti sem félagið framkvæmdi með fjármálagerninga á tímabilinu september 2021 til desember 2022.

#### Síminn hf.

Í október 2023 tók fjármálaeftirlitsnefnd ákvörðun um álagningu stjórnvaldssektar á Símann hf. að fjárhæð 76.500.000 kr. í ríkissjóð, vegna brots Símans hf. gegn þágildandi 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, um markaðssvik (MAR), með því að birta ekki eins fljótt og auðið var innherjaupplýsingar um sölufurli Símans hf. á Mílu ehf. Síminn hf. hefur höfðað mál til ógildingar á ákvörðuninni.

### Stjórnvaldssektarmál fyrir dómstólum á árinu 2023

#### Fossar markaðir hf. (nú Fossar fjárfestingarbanki hf.)

Í júní 2020 tók Seðlabankinn ákvörðun um að leggja stjórnvaldssekt að fjárhæð 10.500.000 kr. á Fossa markaði hf. í ríkissjóð vegna brota á 57. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og reglum settum á grundvelli þess ákvæðis, með því að hafa greitt starfsmönnum kaupauka án þess að hafa komið á fót kaupaukakerfi. Fossar markaðir hf. höfðaði mál gegn Seðlabankanum og krafðist ógildingar ákvörðunarinnar en til vara að stjórnvaldssektin yrði felld niður eða lækkuð verulega. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 12. október 2021, í máli nr. E-6009/2020, var kröfu félagsins hafnað um að ógilda ákvörðun Seðlabankans. Félagið áfrýjaði dómi héraðsdóms til Landsréttar. Með dómi Landsréttar frá 17. febrúar 2023, í máli nr. 661/2021, var dómur héraðsdóms staðfestur.

#### Arion banki hf.

Í júlí 2020 tók Seðlabankinn ákvörðun um álagningu stjórnvaldssektar í máli Arion banka hf. að fjárhæð 87.700.000 kr. í ríkissjóð vegna brota félagsins á þágildandi 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Bankinn höfðaði mál gegn Seðlabankanum og krafðist ógildingar ákvörðunarinnar en til vara að henni yrði breytt. Með

dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 19. apríl 2022, í máli E-6521/2020, var ákvörðun Seðlabankans staðfest. Bankinn áfrýjaði dómi héraðsdóms til Landsréttar. Með dómi Landsréttar frá 9. júní 2023, í máli nr. 249/2022, var dómur héraðsdóms staðfestur.

#### Tryggingar og ráðgjöf ehf.

Í nóvember 2020 tók Seðlabankinn ákvörðun um álagningu stjórnvaldssektar í máli Trygginga og ráðgjafar ehf. að fjárhæð 35.000.000 kr. í ríkissjóð vegna brota gegn 3. mgr. 140. gr. f laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, og 1. og 2. mgr. 6. gr. sömu laga, sbr. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 62/2019, um dreifingu váttrygginga. Tryggingar og ráðgjöf ehf. höfðaði mál gegn Seðlabankanum og krafðist ógild-

ingar ákvörðunarinnar en til vara að stjórnvaldssektin yrði felld niður eða lækkuð verulega. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 9. mars 2022, í máli E-506/2021, var ákvörðun Seðlabankans um álagningu stjórnvaldssektar staðfest en sektarfjárhæðin lækkuð í 33.000.000 kr. Félagið áfrýjaði dómi héraðsdóms til Landsréttar og Seðlabankinn gagnáfrýjaði. Með dómi Landsréttar frá 29. september 2023, í máli nr. 172/2022, var stjórnvaldsákvörðun Seðlabankans að því varðar brot gegn 1. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2004, sbr. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 62/2019, staðfest. Aftur á móti var ógildur sá hluti stjórnvaldssektarinnar er varðar brot gegn 1. mgr. 140. gr. f laga nr. 30/2004. Sektin var því lækkuð frekar, eða niður í 9.000.000 kr.

## Önnur mál á sviði viðskiptahátta

### Upplýsingar um afturköllun starfsleyfis NOVIS

Í júní 2023 birti Seðlabankinn frétt um að Seðlabanki Slóvakíu (NBS) hefði afturkallað starfsleyfi váttryggingafélagsins NOVIS frá og með 5. júní 2023. NOVIS hóf starfsemi árið 2014 í Slóvakíu og seldi afurðir m.a. á Íslandi. NOVIS var með afturkölluninni óheimilt að stunda váttryggingastarfsemi, að undanskilinni nauðsynlegri starfsemi til að framfylgja kröfum og uppgjöri á skuldbindingum. NBS er eftirlitsstjórnvaldið í heimaríki váttryggingafélagsins.

Seðlabankinn hefur tekið þátt í samstarfseftirlitsþóp EIOPA um málefni NOVIS og frekari upplýsingar um ákvörðun NBS voru birtar á vefsíðu Seðlabankans., t.d. hvaða áhrif afturköllunin hefði á íslenska neytendur, úrræði váttryggingartaka samkvæmt skilmálum samninga NOVIS og atriði sem þyrfti að hafa í huga fyrir váttryggingartaka hjá NOVIS. Því var komið á framfæri að NBS hefði lagt fram beiðni fyrir dómstólum í Slóvakíu um skipan slitastjóra yfir NOVIS. Þegar þetta er skrifað hefur slitastjóri enn ekki verið skipaður. Slitastjóra er ætlað að veita váttryggingartökum nánari upplýsingar um réttindi þeirra, þ.m.t. framlagningu váttryggingakrafna á grundvelli váttryggingarsamninga og taka afstöðu til þess hvort óskað verður eftir gjaldþrotaskiptum félagsins eða hvort eignir séu nægar til að standa við skuldbindingar þess. Seðlabankinn fylgist með þróun mála og uppfærir upplýsingar til íslenskra neytenda á vefsíðu sinni.

### Dreifibréf til veitenda fasteignalána til neytenda

Send voru dreifibréf til aðila sem veita fasteignalán til neytenda. Í þeim voru skyldur um upplýsingagjöf til neytenda áréttáðar vegna reglna nr. 702/2022, um

hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til neytenda (nú reglur nr. 217/2024), og reglna nr. 701/2022, um hámark greiðslubyrðar fasteignalána í hlutfalli við tekjur neytenda (nú reglur nr. 216/2024) sem Seðlabankinn hefur sett. Bent var á að mikilvægt sé að upplýsingagjöf sem birtist í markaðsefni og annarri upplýsingagjöf, s.s. á vefsíðum og í lánareiknivélum, gefi neytendum réttmætar væntingar um hvort líklegt sé að viðkomandi geti tekið lán eða ekki með hliðsjón af framangreindum reglum. Vegna þessa var því beint til lánveitenda að yfirfara markaðsefni, upplýsingar á vefsíðum og lánareiknivélum sem beint er til neytenda.

### Veiting undanþágu vegna verðbréfaréttinda

Veittar voru tvær undanþágur um verðbréfaréttindi vegna starfsmanna eftirlitsskyldra aðila. Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, hefur fjármálaeftirlitið heimild til að veita allt að sex mánaða frest fyrir nýja starfsmenn verðbréfafyrirtækis til að öðlast verðbréfaréttindi og þá sem þurfa vegna breytinga í starfi að hafa verðbréfaréttindi, t.d. vegna stöðuhækkunar, ef sérstakar ástæður mæla með því.

### Greining á fjárfestingakostum almennra fjárfesta

Vinna hófst við að greina fjárfestingakosti almennra fjárfesta, sem fjármálaeftirlitið hefur framkvæmt áður í tvígang. Greiningin nú snýr að fjárfestingakostum á árunum 2021 og 2022. Fyrirhugað er að birta grein um niðurstöðuna í Kalkofninum, sem er vettvangur fyrir starfsfólk Seðlabanka Íslands til að birta höfundarmerktar greinar, síðar á árinu.

## Ábendingar frá neytendum

Fjármálaeftirlitið tekur á mótum fyrirspurnum, ábendingum og kvörtunum frá almenningi um viðskiptahætti eftirlitsskyldra aðila ásamt því að sinna upplýsinga- og leiðbeiningarhlutverki vegna þeirra. Á árinu 2023 bárust fjármálaeftirlitinu á þriðja hundrað erindi er vörðuðu viðskiptahætti og málefni neytenda á fjármálamarkaði. Erindin nýtir fjármálaeftirlitið til að greina mögulega áhættu og annmarka og eftir atvikum getur slík greining leitt til þess að fjármálaeftirlitið ákveður að hefja sértækar athuganir. Fjármálaeftirlitið sker þó ekki úr ágreiningi á milli fyrirtækja á fjármálamarkaði og viðskiptavina þeirra. Á vefsíðu Seðlabankans eru birtar upplýsingar um úrskurðarnefndir og önnur úrræði neytenda vegna viðskipta við eftirlitsskylda aðila, þ.m.t. aðila með starfsleyfi frá ríkjum á evrópska efnahagssvæðinu.

## Eftirlit með verðbréfamarkaði

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með verðbréfamarkaði hér á landi, meðal annars í því skyni að stuðla að því að hann sé skilvirkur og öruggur. Eftirlit fer m.a. fram með viðvarandi eftirliti með upplýsingagjöf útgefenda verðbréfa, eftirliti með viðskiptahegðun þátttakenda á markaði, svo sem mögulegum innherjasvikum og markaðsmisnotkun, en einnig með athugunum á gagnaskilum eftirlitsskyldra aðila til fjármálaeftirlitsins. Gögnin innihalda m.a. upplýsingar um viðskipti með hlutabréf, skuldabréf, afleiður, skortstöður, uppgjörsbresti o.fl. Á árinu 2023 var lögð mikil áhersla á eftirlit með gæðum gagnaskila aðila á verðbréfamarkaði vegna viðskipta með fjármálagerninga (TRS gögn) en um lykilgögn er að ræða vegna eftirlits með markaðsvikum. Þá hefur fjármálaeftirlitið eftirlit með starfsemi Kauphallar Íslands hf. (Nasdaq Iceland hf.) og tveggja verðbréfamíðstöðva. Fjármálaeftirlitið tekur jafnframt þátt í norrænu samstarfi fjármálaeftirlita varðandi eftirlit með kauphöllum Nasdaq á Norðurlöndunum og er aðili að eftirlitsnefnd með fulltrúum lögbærra yfirvalda Eystrasaltsríkjanna sem fjallar um starfsemi Nasdaq CSD SE verðbréfamíðstöðvarinnar, en starfsemi hennar nær til allra þessara landa. Eftirlitsnefndin fjallar, auk annarra verkefna, um árlega endurskoðun forsendna starfsleyfis fyrirtækisins.

### Eftirlit með hegðun á markaði, viðurlagamál o.fl.

Á árinu 2023 hóf fjármálaeftirlitið rannsókn á 33 málum sem komu upp á verðbréfamarkaði, þar af byggðust 16 á ábendingum frá Kauphöll Íslands. Flest málanna vörðuðu upplýsingaskyldu útgefenda og meinta markaðsmisnotkun. Af þeim málum sem tekin

voru til rannsóknar var 16 lokið á árinu 2023 og lauk þeim flestum án niðurstöðu um brot. Á árinu 2023 lauk einu máli með stjórnvaldssekt og öðru með sátt. Þá var nokkrum málum lokið með niðurstöðu um brot án beitingar viðurlaga. Málin vörðuðu m.a. efni lýsinga og skýrsluskil vegna verðbréfavíðskipta og skortstaðna.

Í október 2023 tók fjármálaeftirlitsnefnd ákvörðun um að leggja stjórnvaldssekt að fjárhæð 76,5 m.kr. á Símann hf. í ríkissjóð. Í ákvörðuninni var komist að þeirri niðurstöðu að félagið hefði brotið gegn þágildandi 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 (MAR) með því að birta hvorki eins fljótt og auðið var né fresta birtingu á innherjaupplýsingum um sölufurli félagsins á Mílu ehf. Ákvörðunin var birt á vefsíðu Seðlabankans í nóvember 2023.

Íslensk verðbréf hf. gerði í júní 2023 samkomulag um að ljúka máli með sátt sem fólst í broti verðbréfafyrirtækisins gegn 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 (MiFIR), sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, með því að tilkynna fjármálaeftirlitinu ekki um 6.126 viðskipti sem fyrirtækið framkvæmdi með fjármálagerninga á tímabilinu 1. september 2021 til 21. desember 2022. Með samkomlaginu samþykkti fyrirtækið að greiða sekt að fjárhæð 2,6 m.kr. Samkomulagið var birt á vefsíðu Seðlabankans í ágúst 2023.

### Vettvangsathuganir

Sem fyrr var lögð áhersla á vettvangsathuganir á tilkynningum fjármálafyrirtækja um viðskipti með fjármálagerninga (TRS II) þar sem gerðar voru úttektir á innra skipulagi sem ætlað er að tryggja gæði tilkynninganna. Þrjár slíkar vettvangsathuganir hófust á árinu og var þeim ólokið í árslok. Slíkri vettvangsathugun hjá Fossum fjárfestingarbanka hf. lauk meðal annars á árinu 2022 og var gagnsæistilkynning vegna hennar birt á vefsíðu Seðlabankans í júlí 2023.

Þá lauk fjármálaeftirlitið athugun hjá Kauphöll Íslands hf. þar sem markmið athugunarinnar var að kanna fyrirkomulag útivistunar hjá kauphöllinni.

### Lýsingar verðbréfa

Á árinu 2023 staðfesti fjármálaeftirlitið 23 lýsingar verðbréfa. Það er sami fjöldi lýsinga og á árinu á undan. Fjöldi lýsinga hefur haldist tiltölulega svipaður síðustu árin. Líkt og á árinu 2022 voru tvær lýsingar vegna almennra útboða hlutabréfa og töku þeirra til viðskipta á skipulegum markaði staðfestar. Var þar um að ræða lýsingar Hampiðjunnar hf. og Ísfélags hf. Ólíkt árinu á undan voru tvær lýsingar til viðbótar staðfestar vegna

töku hlutabréfa til viðskipta á skipulegum markaði þegar Amaroq Minerals Ltd. og Kaldalón hf. færðu sig af First North yfir á aðalmarkað Nasdaq Iceland.

Tafla I-1 Fjöldi lýsinga og viðauka sem fjármálaeftirlitið samþykkti

	2021	2022	2023
Lýsingar	26	23	23
Þ.a. grunnlýsingar	12	10	13
Viðaukar	9	9	9

### Skortstöður vegna hlutabréfa

Þrátt fyrir lækkanir á aðalmarkaði Kauphallarinnar varð aukningin í fjölda tilkynninga um skortstöður ekki mikil en í töflu I-2 má sjá samanburð á fjölda tilkynninga á árunum 2022 og 2023 eftir mánuðum. Fjármálaeftirlitinu bárust alls 52 slíkar tilkynningar 2023 en þær voru 50 árið á undan.



Tafla I-2 Fjöldi tilkynninga um skortstöðu

	2022	2023
Janúar	2	5
Febrúar	4	1
Mars	6	7
Apríl	1	8
Mái	3	2
Júní	5	11
Júlí	2	2
Ágúst	0	1
September	6	3
Október	16	2
Nóvember	3	2
Desember	2	8
Samtals	50	52

### Þróun verðbréfamarkaðarins

Hlutabréfaverð lækkaði lítillega á árinu 2023. Úrvals-vísitalan lækkaði um 1,7% og heildarvísitala aðalmarkaðar lækkaði um 3,4%. Miklar sveiflur voru á hlutabréfamarkaði á árinu en í maímánuði lækkaði úrvals-vísitalan um 12,7% sem er mesta mánaðarlega lækkun vísitölnunnar frá því snemma árs 2009. Vísitalan hækkaði svo um 16,2% á síðustu tveimur mánuðum ársins. Ein nýskráning var á aðalmarkaði þegar Ísfélag hf. var tekið til viðskipta í desember. Þrjú félög fluttust frá First North á aðalmarkað á árinu en það voru Amaroq Minerals Ltd., Hampiðjan hf. og Kaldalón hf. Þá samþykkti Kauphöllin afskráningu Origo hf. á vordögum.

Velta með hlutabréf félaga á aðalmarkaði Kauphallarinnar var rúmlega 769 milljarðar króna og dróst saman um tæp 26% milli ára. Mest velta var með hlutabréf í Marel hf. og Arion banka hf., en viðskipti



voru fyrir um 100 milljarða króna með hvort félag á árinu. Á mynd I-4 má sjá hvernig veltan var á aðalmarkaði Kauphallarinnar hjá hverju félagi fyrir sig. Fjöldi viðskipta var rúmlega 94 þúsund á aðalmarkaði

Tafla I-3 Meðalvelta í hverjum viðskiptum<sup>1</sup>

Ísland	8.158.055
Danmörk	1.154.507
Finnland	741.101
Noregur	606.447
Svíþjóð	577.877

1. 12 mánaða daglegt meðaltal umreiknað í ISK m.v. lokagengi hvers mánaðar.

Heimildir: Nasdaq OMX, Oslo Børs

Kauphallarinnar og dróst saman um 14,5% milli ára. Flest viðskipti voru með hlutabréf í Icelandair Group hf. eða í 15.531 skipti og með hlutabréf í Marel hf. í 11.426 skipti. Á mynd I-5 má sjá hvernig fjöldi viðskipta var á aðalmarkaði Kauphallarinnar í hverju félagi fyrir sig. Meðalfjárhæð í viðskiptum var rúmlega 8 milljónir

króna og lækkaði um tæp 13%. Meðalfjárhæð í viðskiptum var um helmingur af því sem hún var árið 2019. Á mynd I-6 má sjá þróun á meðalfjárhæð viðskipta frá árinu 2014. Meðalfjárhæð er umtalsvert hærri en hún er í nágrannalöndum okkar, líkt og sjá má í töflu I-3.

## Eftirlit með rekstraraðilum og sjóðum

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða sem hafa heimild til að reka verðbréfasjóði og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða sem hafa heimild til að reka sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta og aðra sérhæfða sjóði. Lykilþáttur í slíku eftirliti snýr að því hvort umræddir sjóðir fjárfesti í samræmi við lagaheim-

## Rammagrein 6

### Um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum

Í febrúar 2019 tóku gildi nýjar viðmiðunarreglur EBA (EBA/GL/2019/02) um fyrirkomulag útvistunar innan Evrópusambandsins.<sup>1</sup> Með þeim reglum er ljós áhersla eftirlitsstjórnvalda innan Evrópu á fyrirkomulag útvistunar á fjármálamarkaði og öryggi eftirlitsskyldra aðila vegna áhættu sem skapast getur sé henni ekki sinnt nægilega vel. Inn í þetta blandast áhyggjur vegna útvistunar á tækniþjónustu en vegna heimsfaraldursins og fjarvinnu sem áhrif hans ollu, auk stríðsins í Úkraínu, reyndi verulega á nettengingar og netöryggi. Vegna þessa gaf Evrópska kerfisáhætturáðið (ESRB) í janúar 2022 út skýrslu sem fjallar m.a. um gagnsemi þess að stofna samhæfingarramma fyrir netatvik.<sup>2</sup>

Viðmiðunarreglurnar gera auknar kröfur til fyrirkomulags útvistunar, hvort sem um er að ræða útvistun til innlendra aðila eða vegna kaupa á skýjaþjónustu. Reglurnar ná yfir stefnu um útvistun, skráningar og skjalfestingar á útvistun, undirbúning og áhættumat á útvistun sem og rekstur útvistaðrar starfsemi.

Viðmiðunarreglurnar fela í sér verulega aukningu á eftirliti með fyrirkomulagi útvistunar hjá fyrirtækjum innan Evrópska efnahagssvæðisins og kalla m.a. á að áhættu-

stýring og innri endurskoðendur endurskoði rekstrar-áhættu- og stjórnaráhættuferla sína með hliðsjón af þeim kröfum sem settar eru fram í viðmiðunarreglunum.

Fram hafa farið vettvangsathuganir og aðrar athuganir hjá eftirlitsskyldum aðilum á Íslandi sem varða útvistun beint eða sem hluta af athugun á rekstraráhættu á síðustu þremur árum en aðrar athuganir eru í vinnslu, hjá alls 25 aðilum. Flestir eftirlitsskyldir aðilar eru því orðnir nokkuð meðvitaðir um þann ramma sem gildir um útvistun hér á landi, en þó er einnig margt sem enn má bæta. Hér má nefna skýrari skilmála útvistunarfyrirkomulags, reglulega uppfærslu á útvistunarstefnu og útvistunarsamningum, hugað sé að hagsmunaárekstrum við gerð samninganna og að eftirlit innan eftirlitsskylda aðilans á útvistaða verkefninu sé formfastara, þar sem ábyrgð verkefnisins liggur ávallt hjá honum.

Ljóst er að um er að ræða aukna áherslu eftirlitsyfivalda innan Evrópu á útvistunarfyrirkomulagi eftirlitsskyldra aðila og eru þeir hvattir til að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að farið sé að þeim viðmiðunarreglum sem gilda um útvistun.<sup>3</sup>

1. Sjá dreifibréf Fjármálaeftirlitsins til fjármálafyrirtækja, greiðslustofnana og rafeyrisfyrirtækja nr. 67/2019, þar sem tilkynnt var um upptöku viðmiðunarreglna EBA.  
2. ESRB recommends establishing a systemic cyber incident coordination framework.

3. Á markaði EIOPA og ESMA eru í gildi viðmiðunarreglur um útvistun í ský; Guidelines on outsourcing to cloud service providers og Guidelines On outsourcing to cloud service providers.

ildir og eigin reglur. Þá nær eftirlitið einnig til áhættu-  
stýringar, hagsmunaaðreksstra og lausafjárstýringar sjóða  
sem og skyldna vörsluaðila slíkra sjóða.

Í árslok 2023 störfuðu sex rekstrarfélög verð-  
bréfasjóða héraðs sem öll höfðu einnig fengið  
útgöfin starfsleyfi sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða.  
Þá störfuðu sex félög sem höfðu eingöngu starfs-  
leyfi sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, en þrjú af  
þeim starfsleyfum voru veitt á árinu 2023. Til viðbótar  
störfuðu 18 aðilar sem voru skráðir sem rekstraraðilar  
sérhæfðra sjóða, þar af eitt verðbréfafyrirtæki, en sex  
nýir rekstraraðilar voru skráðir á árinu 2023.

Í árslok voru 38 verðbréfasjóðir, 76 sérhæfðir sjóðir  
fyrir almenna fjárfesta og 131 aðrir sérhæfðir sjóðir  
undir eftirliti fjármálaeftirlitsins. Á árinu 2023 voru stofn-

aðir sjö nýir sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta og  
13 aðrir sérhæfðir sjóðir á meðan fjöldi verðbréfasjóða  
hélst óbreyttur á árinu.

### Umsóknir um markaðssetningarheimild

Fjármálaeftirlitið veitti átta innlendum sérhæfðum  
sjóðum markaðssetningarheimild til fagfjárfesta hér á  
landi á árinu 2023. Þá barst talsverður fjöldi umsókna  
um markaðssetningarheimild fyrir erlenda rekstraraðila  
sérhæfðra sjóða til fagfjárfesta hér á landi, en um er  
að ræða svonefnda þriðja ríkis aðila sem staðsettir eru  
utan EES. Samþykktar voru umsóknir 13 rekstraraðila og  
20 sérhæfðra sjóða á nýliðnu ári. Í árslok 2023 voru því  
44 rekstraraðilar og 94 sérhæfðir sjóðir utan EES með  
markaðssetningarheimild til fagfjárfesta hér á landi.

### Upplýsingatækni (UT) áhætta – Áherslur fjármálaeftirlitsins og hvað er framundan

Áhætta tengd notkun upplýsinga- og samskiptatækni (e. ICT) er og verður áfram í brennidepli hjá fjármálaeftirlitinu. Mikilvægt er að eftirlitsskyldir aðilar leggi sig fram við að tryggja að áhætta sé þekkt, metin og milduð eins og kostur er þannig að öryggi gagna og þjónustu sé tryggt. Eftirlit fjármálaeftirlitsins er áhættumiðað og fer umfang þess m.a. eftir stærð aðila, mikilvægi hans fyrir fjármálamarkaðinn og hvaða áhættu fjármálaeftirlitið telur að geti steðjað að fyrir-  
tækinu og viðskiptavinum þess.

Árið 2019 gaf fjármálaeftirlitið út leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019, vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila, þar sem sett eru fram samræmd viðmið varðandi rekstur stjórnkerfis UT áhættu og þeirrar stýringar sem eftirlitsskyldir aðilar ættu að hafa til staðar til að stýra þeirri áhættu. EBA og EIOPA hafa síðar gefið út viðmið-unarreglur um stjórnun áhættu vegna upplýsinga- og samskiptatækni sem hafa komið í stað hluta af tilmælunum.

Eftir því sem stórir og alvarlegir atburðir í tæknipjónustu verða algengari á fjármálamarkaði þá hefur umræða og áhyggjur aukist á alþjóðavettvangi af net- og upplýsingatækniáhættu ekki síst innan ESB. Hefur ESB af þessu tilefni gefið út reglugerð um stafrænan viðnámsþrótt fjármálamarkaðarins (e. DORA). Reglugerðin tekur gildi innan ESB í byrjun árs 2025. Unnið er að upptöku gerðarinnar í EES-samninginn og innleiðingu í íslenskan rétt.

Gildissvið DORA er víðtækt og hvetur fjármálaeftirlitið aðila á fjármálamarkaði til að kynna sér reglugerðina

þar sem innleiðing hennar mun hafa áhrif á allan fjármálamarkaðinn. Þó gildir hlutfallsregla samkvæmt DORA, því eru minni kröfur gerðar til minni eftirlitsskyldra aðila. Ekki verður fjallað ítarlega um innihald DORA en hér á eftir verður stiklað á stóru um hvar áhrifa hennar gæti gætt á íslenskum fjármálamarkaði.

Reglugerðin inniheldur ákvæði um kröfur til áhættu-  
stýringar upplýsingatækni-, samskipta- og öryggisáhættu (e. ICT risk management). Í DORA reglugerðinni er lögð áhersla á að aðilar á fjármálamarkaði hafi gott stjórnskipulag upplýsingaöryggis með aðkomu og eftirliti stjórnar, að til staðar séu vel skilgreind ábyrgðasvið og að aðgreining sé á milli þeirra. Þá er gerð krafa um að til staðar sé UT stefna, UT reglur, og verklag kringum breytingastjórnun og eftirlit með UT áhættu. Aðilum ber að viðhalda lista yfir viðskiptaferla, UT kerfi, gögng og tengsl milli þeirra, sem eru flokkaðir eftir mikilvægi.

Kröfur eru gerðar til skráningar, tilkynninga og viðbragða við frávikum sem verða í rekstrinum. Þá eru gerðar kröfur um viðbragðsáætlanir og áætlun um rekstrarsamfellu. Viðbragðsáætlun er almennt sú áætlun sem starfsmenn upplýsingatækni vinna eftir við úrlausn alvarlegra frávik, t.d. þegar internetið dettur út. Hins vegar er áætlun um rekstrarsamfellu sú áætlun sem stjórnendur vinna eftir til að halda rekstri þeirra gangandi á meðan unnið er úr frávikinu. Kröfur eru meðal annars um reglulegar prófanir á þessum áætlunum og á viðnámsþrótti með áhættumiðuðum net-  
árásarprófunum (e. Threat-Led Penetration Testing, TLPT).



Gerðar eru ríkari kröfur samkvæmt DORA til eftirlitsskyldra aðila sem nýta sér þjónustu þriðja aðila. Stærri þjónustuveitendur, sem útnefndir verða mikilvægir á sam-eiginlega innri markaði þjónustu, koma til með að falla undir svokallaða yfirsýn evrópska fjármálaeftirlitskerfisins (e. Union Oversight Framework) samkvæmt DORA.

Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru varðandi DORA. Fjármálaeftirlitið hefur hafið undirbúning vegna innleiðingar DORA í íslensk lög og hvetur aðila til að byrja að huga að þeim breytingum sem þarf að gera til að uppfylla kröfur laganna.

### Umbótastarf

Á árinu var lögð áhersla á innri umbótavinnu sem fólst m.a. í því að ljúka vinnu við útfærslu gagnaprófa til að tryggja aukin gagnagæði. Til að mynda lauk vinnu við útfærslu gagnaprófa á gagnaskilum sérhæfðra sjóða við innsendingu í gegnum gagnaskilakerfi Seðlabankans. Þá voru jafnframt útfærðar sjálfvirkar greiningar á þeim gögnum sem berast með reglubundnum hætti frá rekstraraðilum og sjóðum. Að auki var erlendum aðilum veittur aðgangur að gagnaskilakerfi Seðlabankans með tveggja þátta auðkenningu þannig að hægt yrði að taka við reglubundnum skýrsluskilum þeirra í gegnum kerfið í stað viðtöku í gegnum tölvupóst.

## Eftirlit með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlitið sinnir áhættumiðuðu eftirliti með tilkynningarskyldum aðilum í samræmi við lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Áhættumiðað eftirlit er aðferðafræði sem felur í sér að meta hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á fjármálamarkaði og forgangsraða eftirlitsaðgerðum í samræmi við niðurstöðu þess áhættumats. Það felur m.a. í sér að haft er tíðara eftirlit og gerðar nánari athuganir þar sem áhættan er metin mest.

Tilkynningarskyldir aðilar undir eftirliti voru 105 í árslok 2023 og hafði þeim fjölgað um átta frá árinu 2022. Í þeim hópi eru meðal annars fjármálafyrirtæki, greiðslustofnanir, rafeyrisfyrirtæki, rekstrarfélög verðbréfasjóða, rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, líftryggingafélög, lífeyrissjóðir, gjaldeyrisskiptaþjónusta, þjónustuveitendur sýndareigna og útibú ásamt umboðs- og dreifingaraðilum erlendra fjármálastofnana hér á landi.

### Vettvangsathuganir og aðrar athuganir

Athuganir vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá tilkynningarskyldum aðilum

geta verið í formi vettvangsathugana eða sértækra athugana. Slíkar athuganir geta verið þemaskoðanir þar sem sömu þættir eru kannaðir hjá mörgum tilkynningarskyldum aðilum. Á árinu 2023 gerði fjármálaeftirlitið fjölda athugana. Bæði voru framkvæmdar vettvangsathuganir sem og annars konar athuganir er vörðuðu meðal annars eftirfylgni vegna fyrri athugana á áhættumati og áhættumiðuðum aðgerðum hjá tilkynningarskyldum aðilum.

Fjármálaeftirlitið beitir auk athugana öðrum aðferðum til að minna á skyldur tilkynningarskyldra aðila eða afla upplýsinga um framkvæmd aðgerða hjá þeim. Dæmi um slíkar aðferðir eru kynningar á vegum fjármálaeftirlitsins og svör sem það gefur við fyrirspurnum sem því berast þar sem ýmsum leiðbeiningum er komið á framfæri. Þá var á árinu áfram unnið að því innan fjármálaeftirlitsins að styrkja samstarf og upplýsingagjöf milli eftirlits með aðgerðum gegn peningaþvætti og varúðareftirlits á grundvelli viðmiðunarreglna EBA um sama efni.

### Vettvangsathuganir

Gerðar voru vettvangsathuganir hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Kviku banka hf. þar sem markmiðið var að kanna skráningar og rekjanleika upplýsinga í kerfum bankanna auk þess að kanna atriði sem tengdust fyrri vettvangsathugun á áhættumati og áhættumiðuðum aðgerðum þeirra. Í vettvangsathugunum var einungis litið til tiltekinna áhættuþátta í áhættumati bankanna. Jafnframt var kannað hvernig viðskiptamenn bankanna væru áhættuflokkaðir, hvernig áreiðanleikakannanir væru framkvæmdar og hvernig reglubundnu eftirliti væri sinnt með hliðsjón af áhættumati. Sambærilegri athugun hjá Landsbankanum hf. lauk á árinu 2022 og voru niðurstöður hennar birtar með gagnsæistilkynningu á vefsíðu Seðlabankans í desember 2023.

Jafnframt var gerð vettvangsathugun hjá Sparisjóði Höfðhverfinga ses. þar sem markmiðið var að leggja mat á innra áhættumat sparisjóðsins sem og stefnur, stýringar og verkferla til að draga úr hættu

á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í vettvangsathuguninni var meðal annars kannað hvernig viðskiptamenn væru áhættuflokkaðir, hvernig áreiðanleikakannanir væru framkvæmdar og hvernig reglubundnu eftirliti væri sinnt með hliðsjón af áhættumati. Þá voru könnuð atriði tengd alþjóðlegum þvingunaraðgerðum og fylgni við þágildandi lög nr. 64/2019, um frýstingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna (nú lög nr. 68/2023). Að lokum var kannað hvernig fræðslu væri sinnt innan sparisjóðsins, hvernig ábyrgðarmaður sinnti starfsskyldum sínum og hvernig rannsóknar- og tilkynningarskyldu væri sinnt.

### Aðrar athuganir

Á árinu 2023 var fylgni við lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka könnuð með athugunum hjá verðbréfafyrirtækinu ALM Verðbréfum hf., rekstrarfélögunum og rekstraraðilunum Akta sjóðum hf., Íslandssjóðum hf., ÍV sjóðum hf., Landsbréfum hf., Stefni hf. og Summu Rekstrarfélagi hf., rekstraraðilunum Alfa Framtaki ehf., Algildi GP ehf., Crowberry Capital GP ehf., Eyri Venture Management ehf., Frumtaki Ventures ehf., Ísafold Capital Partners ehf., Óðinn Capital ehf., Spaki Finance sf. og Vex ehf. ásamt Greiðslumiðlun ehf. og Símanum Pay ehf., sem skráð eru lánveitendur neytendalána. Í athugununum fólst skoðun á áhættumati á starfsemi þeirra. Niðurstöður athugananna voru birtar með gagnsæistilkynningu á vefsíðu Seðlabankans í júlí 2023.

### Úttektir

#### FSAP

Eins og fyrr greinir, lauk AGS við heildstæða úttekt á íslenska fjármálakerfinu á árinu. Úttektin tók meðal annars til eftirlits með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Niðurstaða hennar var að gera tillögur að úrbótum varðandi áhættumat fjármálaeftirlitsins á tilkynningarskyldum aðilum ásamt eftirliti með bönkum og þjónustuveitendum sýndareigna.

#### Svæðisbundin úttekt varðandi aðgerðir gegn peningaþvætti

Í september 2023 var birt skýrsla AGS um svæðisbundna úttekt á Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum á flæði fjármuna, eftirliti með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og fjármálastöðugleika (e. IMF Regional Nordic-Baltic Technical Assistance Report on Financial Flows Analysis, AML/CFT Supervision and Financial Stability). Um var að ræða tæknilega aðstoð

AGS í samstarfi við stjórnvöld hér á landi og á hinum Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum til að auka frekar skilvirkni umgjarðar um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, bæði á landsvísu og svæðisbundið. Í skýrslunni er bent á að stöðug viðleitni til að styrkja umgjörð aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sé skýrt forgangsverkefni á svæðinu og að samræmdar aðgerðir og stöðug framþróun lausna séu lykilatriði til að sporna gegn vaxandi áhættu sem steðji að heilbrigði fjármálakerfisins (e. financial integrity).

Seðlabankinn telur greininguna og niðurstöðuna gagnlega og vonast til að með útgáfu skýrslunnar geti einkageirinn og ríki dregið mikilvægan lærdóm af bæði reynslu og góðum starfsháttum á svæðinu. Seðlabankinn vinnur stöðugt að frekari úrbótum er varða eftirlit með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og aðgerðaráætlun bankans er í samræmi við tillögur í skýrslu AGS. Þar má nefna frekari þróun í áhættumati og áhættumiðuðu eftirliti, nýtingu upplýsinga um fjármagnsflæði inn í áhættumat ásamt frekari greiningu á upplýsingum um fjármagnsflæði yfir landamæri. Sérfræðingar í fjármálastöðugleika og aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum munu í sameiningu vinna að því að fara að tillögum AGS til að styrkja enn frekar stöðu ríkjanna á svæðinu til að berjast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á fjármálamarkaði.

### Fræðsluefni og leiðbeiningar

#### Fræðsluefni um áhættuþætti vegna sýndareigna

Í ágúst 2023 gaf fjármálaeftirlitið út fræðsluefni um áhættuþætti vegna sýndareigna. Tilgangur fræðsluefnisins er að leiðbeina tilkynningarskyldum aðilum sem veita þjónustu á sviði sýndareigna. Þá er efninu ætlað að auðvelda aðilum á þessum markaði að koma auga á áhættuþætti hvað varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og vera til leiðbeiningar um áhættumat á starfsemi þeirra og á samningssamböndum og einstökum viðskiptum.

#### Fræðslufundur fyrir lánveitendur neytendalána

Í september 2023 hélt fjármálaeftirlitið fræðslufund fyrir lánveitendur samkvæmt lögum nr. 33/2013, um neytendalán, sem eru undir eftirliti þess samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Tilgangur fundarins var að fræða hlutaðeigandi lánveitendur um helstu skyldur samkvæmt lögum og áhættuþætti sem þeir þurfi að hafa í huga í tengslum við aðgerðir sínar.

### Uppfærsla lista yfir starfsheiti og áhættusöm ríki

Á árinu 2023 uppfærði fjármálaeftirlitið lista yfir starfsheiti sem teljast til háttsettra opinberra starfa í tengslum við mat á einstaklingum sem teljast í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla. Uppfærslan fór fram í mars 2023. Þá uppfærði fjármálaeftirlitið líkt og áður lista yfir áhættusöm og ósamvinnuþýð ríki í þriggung á árinu í samræmi við breytingar á listum Financial Action Task Force (FATF) og ESB.

### Upptaka viðmiðunarreglna EBA

Fjármálaeftirlitið tók á árinu upp viðmiðunarreglur EBA um notkun tæknilausna til að framkvæma áreiðanleikakönnun í gegnum fjarskiptabúnað. Þá tók fjármálaeftirlitið annars vegar upp breytingar á viðmiðunarreglum EBA um áhættuþætti og hins vegar viðmiðunarreglur EBA um stefnu og stýringar fyrir skilvirka stýringu áhættu vegna peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka í tengslum við aðgang að fjármálaþjónustu.

### Ráðstefna

Seðlabankinn hélt ráðstefnu um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í nóvember 2023. Voru þar saman komnir bæði innlendir og erlendir sérfræðingar í málaflokki. Á ráðstefnunni var rætt um margvísleg málefni, svo sem stöðu mála á Íslandi hvað málaflokkinn varðar, framtíðarsýn fjármálaeftirlitsins, áhættumiðað eftirlit og margvíslegt samstarf á sviði aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

# Helstu áherslur í verkáætlun 2024



## Áherslur 2024

Fjármálaeftirlitið vinnur ítarlega verkáætlun á hverju ári. Í þeirri vinnu er meðal annars tekið mið af Stefnumarkandi áherslum við eftirlit á fjármálamarkaði 2022-2024 sem eiga enn vel við, nýlegu áhættumati og gildandi áherslum evrópsku eftirlitsstofnananna á fjármálamarkaði (EBA, EIOPA og ESMA). Birting helstu áherslna í verkáætlun fjármálaeftirlitsins hefur það að markmiði að upplýsa eftirlitsskylda aðila um hverjar helstu áherslur og forgangsmál fjármálaeftirlitsins eru á komandi ári og gera þeim þannig kleift að taka mið af þessum atriðum í starfsemi sinni.

### Áhersla á áhættu tengda háu vaxta- og verðbólguþætti

Á undanförunum árum hafa orðið miklar sviptingar í ytra umhverfi efnahagsmála. Innlendur fjármálamarkaður hefur hins vegar staðið sterkt gagnvart þeim sviptingum. Fall hins bandaríska Silicon Valley Bank í mars 2023 og yfirtaka til að koma í veg fyrir fall Credit Suisse, með aðkomu svissneskra stjórnvalda stuttu síðar, ollu titringi á alþjóðlegum mörkuðum. Atburðirnir beindu athygli eftirlitsaðila að áhrifum hækkandi vaxtastigs á fjármálakerfið og minntu á mikilvægi þess að búa bönkum sterka umgjörð um hvernig skuli meðhöndla erfiðleika í rekstri þeirra.

Því er í verkáætlun þessa árs gert ráð fyrir úttektum á helstu áhættuþáttum sem tengjast háu vaxta- og verðbólguþætti, einkum útlánaáhættu og stórum áhættuskuldbindingum, þ.m.t. hvernig eftirlitsskyldir aðilar tengja saman stóra lánþega. Þá er einnig í ljósi efnahagsumhverfis áformað í verkáætlun að kanna umgjörð og eftirlit með útlánaáhættu lífeyrissjóða sem og umgjörð í kringum fasteignaveðtryggð sjóðfélagalán.

### Áhersla á net- og upplýsingatækniáhættu og rekstrarlegan viðnámsþrótt fjármálakerfisins

Þótt fjármálakerfið hafi sýnt styrk sinn á undanförunum árum eru enn framundan umtalsverðar áskoranir og áhætta sem þarf að mæta með aðgerðum af hálfu eftirlitsskyldra aðila til þess að styrkja rekstrarlegan viðnámsþrótt fjármálakerfisins.

Í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu beittu vestræn ríki Rússland efnahagsþvingunum og var talin ástæða til að óttast að Rússar myndu beina netárásam að þeim ríkjum sem að þvingunum komu. Þessar aðstæður undirstrikuðu mikilvægi þess að íslenskir eftirlitsskyldir aðilar hafi yfir að ráða öflugu öryggiskerfi gegn netárásam. Hefur fjármálamarkaðurinn því undanfarið ár þurft að bregðast við aukinni áhættu vegna net- og upplýsingatækniöryggis og framundan er áframhaldandi aðlögun svo tryggja megi viðeigandi viðbúnað og mæta þeim vaxandi kröfum sem til markaðarins eru gerðar á þessu sviði. Þessi misserin er net- og upplýsingatækniáhætta áherslumál hjá evrópsku eftirlitsstofnunum á fjármálamarkaði líkt og hjá fjármálaeftirlitinu. Markmiðið er að styrkja viðnámsþrótt og varnir eftirlitsskyldra aðila sem standa frammi fyrir umfangsmiklum stafrænum breytingum og aukinni áhættu sem þeim hefur fylgt, sem allt í senn snýr að vaxandi ógnum af netárásam og svikum og nær til misnotkunar, peningabættis og fjölbreyttra annarra veikleika sem girða þarf fyrir með markvissum aðgerðum.

Í verkáætlun fjármálaeftirlitsins 2024 er meðal annars gert ráð fyrir athugunum sem beinast að umgjörð viðbúnaðaráætlana og rekstrarsamfellu og tilteknum þáttum upplýsingatækniþæfinga vegna færsluhirðingar. Jafnframt eru athuganir er snúa að yfirsýn og skipulagi verkferla og rekstraráhættu eftirlitsskyldra aðila.

Í farvatninu eru einnig lagabreytingar sem munu auka á þær kröfur sem gerðar eru til eftirlitsskyldra aðila varðandi upplýsingatækniöryggi. Með lagabreytingunni verður innleidd reglugerð (ESB) 2022/2554 um rekstraröryggi fyrirtækja á fjármálamarkaði (DORA). Í reglugerðinni eru settar fram samræmdar kröfur um öryggi net- og upplýsingatækniakerfa, skilyrði sem lúta að stýringu á áhættu vegna stafrænnar þjónustu, kröfur um skýrsluskil og kröfur um prófanir og mat á áhættu vegna útvistunar á slíkri þjónustu til þriðja aðila. Mikilvægt er að eftirlitsskyldir aðilar undirbúi sig fyrir þær breytingar sem löggjöfinni fylgja.

### Áhersla á viðskipta- og stjórnarhætti

Á árinu 2023 leiddi athugun fjármálaeftirlitsins í ljós annmarka í stjórnarháttum og innra eftirliti kerfislega mikilvægs banka í tengslum við söluferli á eignarhlutum í bankanum sjálfum. Niðurstaða fjármálaeftirlitsins í því máli minnir á nauðsyn þess að þátttakendur á fjármálamarkaði hugi að stjórnarháttum og menningu innan fyrirtækja sinna þannig að tryggja megi að starfsemi þeirra sé í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Málið undirstrikar einnig mikilvægi þess að þátttakendur á verðbréfamarkaði vinni af heilindum og fagmennsku og stuðli þannig að tiltrú fjárfesta á markaðnum. Meðal þess sem athuginin leiddi í ljós voru brotalamir við skráningu og varðveislu gagna, þ.m.t. símtalsupptökur, og flokkun viðskiptavina.

Forgangsmál er að kanna hvernig þessum málum er háttað hjá eftirlitsskyldum aðilum og að ráðist verði í úrbætur þar sem þeirra er þörf. Verður sjónum beint að því að kanna hvort eftirlitsskyldir aðilar á verðbréfamarkaði uppfylli kröfur um upptökur símtala og annarra rafrænna samskipta við viðskiptavini. Þá munu eftirlitsaðgerðir meðal annars beinast að flokkun viðskiptavina í samræmi við lög nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga.

Réttindi viðskiptavina eftirlitsskyldra aðila verða áfram í brennidepli fjármálaeftirlitsins, meðal annars meðhöndlun kvartana og upplýsingagjöf um kostnað og gjöld. Auk þess verður innleiðingu á skyldum eftirlitsskyldra aðila samkvæmt lögum nr. 5/2023, um greiðslureikninga, fylgt eftir.

Í verkáætlun þessa árs verður einnig áhersla lögð á athuganir vegna umgjörðar áhættustýringar hjá eftirlitsskyldum aðilum á lánamarkaði, háttsemisáhættu og stjórnarhætti innan samstæða.

Á váttryggingamarkaði verður áfram þungi í athugunum sem snúa að stjórnarháttum og verkefnum sem

eru á starfssviði tryggingastærðfræðings. Þá verður jafnframt horft til háttsemisáhættu og viðskiptahátta á váttryggingamarkaði.

Á lífeyrismarkaði verður áfram fylgst með áhættuvitund stjórnar, áhættumenningu og greiningu á hagsmunaárekstrum ásamt því að kanna innra eftirlitakerfi lífeyrissjóða. Þá fylgist fjármálaeftirlitið með framkvæmd og umgjörð tryggingafræðilegrar athugunar þeirra.

### Áhersla á sjálfbær fjármál

Á Evrópska efnahagssvæðinu er sjónum nú í auknum mæli beint að því að fjármálamarkaðurinn meti og stýri áhættu vegna loftslagsbreytinga, þ.m.t. umbreytingaráhættu, og leggi sitt af mörkum svo ná megi markmiðum í loftslagsmálum.

Um mitt ár 2023 tók gildi hér á landi ný löggjöf sem innleiddi tvær sjálfbærnireglugerðir ESB. Annars vegar SFDR-reglugerðin og hins vegar flokkunarreglugerðin. Á árinu 2024 verða eftirlitsskyldir aðilar beðnir um að leggja mat á innleiðingu og hlítu við hluta hins nýja regluverks.

### Áhersla á aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Eftirlit með aðgerðum á fjármálamarkaði gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur verið aukið með markvissum hætti á undanförunum árum. Á síðasta ári gerði fjármálaeftirlitið athugasemdir við varnir og aðgerðir nokkurra eftirlitsskyldra aðila gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þótt margt hafi áunnist á undanförunum árum er áfram þörf á að vinna að margvíslegum umbótum á þessu sviði á íslenskum fjármálamarkaði eins og glögggt mun sjást í áherslum fjármálaeftirlitsins á árinu.

Í verkáætlun fjármálaeftirlitsins 2024 er áfram lögð rík áhersla á að varnir tilkynningarskyldra aðila gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka verði eflar. Athuganir fjármálaeftirlitsins munu m.a. snúa að áhættumati tilkynningarskyldra aðila á starfsemi, samningssamböndum og einstökum viðskiptum, tæknilausnum til að sinna reglubundnu eftirliti, hvort stefna, stýringar og verkferlar uppfylli kröfur laga og hvernig rannsóknar- og tilkynningarskyldu er sinnt. Við mat á hæfi og hæfni stjórnenda tilkynningarskyldra aðila verður áfram lögð áhersla á þekkingu á málaflokknum. Þá verður lögð áhersla á atriði tengd aðgengi að fjármálaþjónustu og stýringu áhættu (oft nefnt derisking) og eftirlit með aðilum á þvingunarlistum.

## Áhersla á gagnagæði

Gögn eftirlitsskyldra aðilar eru mikilvæg fyrir eftirlit fjármálaeftirlitsins og hefur undanfarin ár verið lögð aukin áhersla á að sannreyna gæði þeirra. Hefur fjármálaeftirlitið þannig meðal annars lagt áherslu á svonefnd TRS-gögn og skýrsluskil eftirlitsskyldra aðila vegna þeirra en gögnin eru notuð við reglubundið eftirlit með viðskiptum á markaði. Í verkáætlun fjármálaeftirlitsins á árinu 2024 verða gagnagæði áfram forgangsmál og fylgt eftir með athugunum, m.a. áframhaldandi athugunum til að kanna og sannreyna gæði TRS-gagna og skýrsluskil eftirlitsskyldra aðila vegna þeirra ásamt athugunum er snúa að gagnagæðum í skuldbindingaskrá er varða m.a. tengingar aðila og flokkun lána. Jafnframt verður lögð áhersla á að fylgja eftir innleiðingu nýrra gagnaskila og gæðum þeirra hjá rekstraraðilum sérhæfðra sjóða.

# Breytingar á réttarheimildum fjármálamarkaðar



Í þessum kafla er í fyrsta lagi yfirlit yfir lög sem varða fjármálamarkaðinn og voru sett á árinu 2023. Í öðru lagi er yfirlit yfir aðrar réttarheimildir sem varða fjármálamarkaðinn og voru settar eða teknar upp á árinu. Í þriðja lagi er greint frá löggjöf sem ráðgert er að setja á fjármálamarkaði á næstu misserum.

## Lagabreytingar á árinu 2023

Seðlabanki Íslands tekur virkan þátt í að móta það regluverk sem gildir á fjármálamarkaði hér á landi, m.a. með setningu reglna og upptöku viðmiðunarreglna sem stafa frá eftirtöldum evrópskum eftirlitsstofnunum á fjármálamarkaði: Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni (*EBA*), Evrópsku váttrygginga- og lífeyrisjóðaeftirlitsstofnuninni (*EIOPA*) og Evrópsku verðbréfa-markaðseftirlitsstofnuninni (*ESMA*).<sup>1</sup> Þá taka starfsmenn Seðlabankans þátt í starfi nefnda og starfshópa á vegum fagráðuneyta til undirbúnings lagafrumvarpa sem gilda um starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Seðlabankinn gegnir lykilstöðu á fjármálamarkaði varðandi vöktun, upptöku og innleiðingu tæknilegra staðla (e. *technical standards*), viðmiðunarreglna (e. *guidelines*) og tilmæla (e. *recommendations*) sem gefin eru út af evrópsku eftirlitsstofnunum á fjármálamarkaði. Seðlabankinn telur mikilvægan þátt í starfsemi sinni vera að hafa yfirsýn yfir þær réttarheimildir sem gilda á íslenskum fjármálamarkaði, að beita þeim og túlka og fylgjast með þeim lagabreytingum sem eru í farvatninu innan EES.

Eftirfarandi lög er varða fjármálamarkað voru samþykkt á Alþingi á árinu 2023:

- Lög nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna.
- Lög nr. 64/2023 um breytingu á lögum um rekstraráðila sérhæfðra sjóða, lögum um verðbréfasjóði og fleiri lögum (sala sjóða yfir landamæri, höfuðsjóðir og fylgisjóðir o.fl.).
- Lög nr. 63/2023 um breytingu á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020 (lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar o.fl.).
- Lög nr. 49/2023 um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019 (fjármálaeftirlitsnefnd).
- Lög nr. 41/2023 um fjármögnunarviðskipti með verðbréf.
- Lög nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.
- Lög nr. 12/2023 um breytingu á lögum um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (gjaldmiðlaáhætta og upplýsingagjöf til sjóðfélaga).
- Lög nr. 10/2023 um breytingu á lögum um fjármálaþjónustur og lögum um váttryggingastarfsemi (búsetuskilyrði stjórnenda).
- Lög nr. 7/2023 um breytingu á lögum um sértryggð skuldabréf og lögum um fjármálaþjónustur (sértryggð skuldabréf).
- Lög nr. 6/2023 um peningamarkaðssjóði.
- Lög nr. 5/2023 um greiðslureikninga.

1. Evrópska kerfisáhætturáðið (ESRB) tilheyrir einnig þessum hópi eftirlitsstofnana.

## Setning reglna, leiðbeinandi tilmæla, viðmiðunarreglna og viðmiða á árinu 2023

### Reglur

Á árinu 2023 setti Seðlabanki Íslands eftirfarandi reglur sem varða fjármálamarkaðinn, m.a. til að leiða í íslenskan rétt reglugerðir ESB um tæknilega staðla evrópsku eftirlitsstofnananna á fjármálamarkaði:

- Reglur nr. 1681/2023 um markaðsáhættu fjármálafyrirtækja.
- Reglur nr. 1680/2023 um útlánaáhættu fjármálafyrirtækja.
- Reglur nr. 1560/2023 um fjármögnunarviðskipti með verðbréf.
- Reglur nr. 1441/2023 varðandi samræmdar forsendur staðalreglunnar við útreikning gjaldpolskröfu váttryggingafélaga.
- Reglur nr. 1440/2023 varðandi útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldpoli með viðmiðunardagsetningar frá 31. mars 2023 til 29. september 2023.
- Reglur nr. 1360/2023 um sterka sannvottun viðskiptavina og almenna og örugga opna staðla vegna samskipta í greiðsluþjónustu.
- Reglur nr. 1300/2023 um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár.
- Reglur nr. 1126/2023 um upplýsingagjöf fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna sölu sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri.
- Reglur nr. 1092/2023 um útlánaáhættu fjármálafyrirtækja (féllu úr gildi við gildistöku reglna nr. 1680/2023 um sama efni).
- Reglur nr. 1091/2023 um vörpun lánshæfismats við útreikning á eiginfjárkröfum vegna útlánaáhættu og verðbréfunar.
- Reglur nr. 1090/2023 um eftirlit með notkun innri aðferða við útreikning á eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækja.
- Reglur nr. 1055/2023 um verðbréfauppgjör og verðbréfamiðstöðvar.
- Reglur nr. 983/2023 um gagnsæiskröfur á mörkuðum fyrir fjármálagerninga.
- Reglur nr. 982/2023 um starfsleyfi og skipulagskröfur verðbréfafyrirtækja, upplýsingagjöf vegna virks eignarhlutar og viðmið vegna viðbótarstarfsemi.
- Reglur nr. 981/2023 um afleiður og stöðustofnun fyrir fjármálagerninga.
- Reglur nr. 772/2023 um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja.
- Reglur nr. 771/2023 um upplýsingagjöf vegna umsóknar um starfsleyfi sem lánastofnun.
- Reglur nr. 751/2023 um markaðsáhættu fjármálafyrirtækja (féllu úr gildi við gildistöku reglna nr. 1681/2023 um sama efni).
- Reglur nr. 750/2023 um útlánaáhættu fjármálafyrirtækja (féllu úr gildi við gildistöku reglna nr. 1092/2023 um sama efni).
- Reglur nr. 655/2023 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa.
- Reglur nr. 587/2023 um skýrslugjöf rekstraraðila peningamarkaðssjóða.
- Reglur nr. 586/2023 um skilgreiningar og viðmið vegna evrópskra langtímafjárfestingarsjóða.
- Reglur nr. 550/2023 um hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til neytenda (féllu úr gildi við gildistöku reglna nr. 217/2024 um sama efni).
- Reglur nr. 545/2023 um umgjörð viðskipta með fjármálagerninga.
- Reglur nr. 510/2023 um samningu og miðlun lykilupplýsingaskjala fyrir almenna fjárfesta.
- Reglur nr. 485/2023 um staðlaða hugtakanotkun og stöðluð framsetningarform fyrir gjaldskrá og gjaldafirlit í greiðsluþjónustu.
- Reglur nr. 398/2023 um upplýsingagjöf varðandi skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.
- Reglur nr. 397/2023 um eftirlit með notkun innri aðferða við útreikning á eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækja (féllu úr gildi við gildistöku reglna nr. 1090/2023 um sama efni).
- Reglur nr. 396/2023 um útreikning fjármálafyrirtækja á stórum áhættuskuldbindingum.
- Reglur nr. 395/2023 um tilnefningu miðlægs tengiliðar í greiðsluþjónustu.
- Reglur nr. 388/2023 varðandi útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldpoli með viðmiðunardagsetningar frá 31. desember 2022 til 30. mars 2023.
- Reglur nr. 256/2023 um sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki.
- Reglur nr. 218/2023 um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.
- Reglur nr. 190/2023 um sértryggð skuldabréf.
- Gjaldskrá nr. 165/2023 vegna verkefna sem tengjast fjármálaeftirliti.
- Reglur nr. 152/2023 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna aðila sem veita gjaldeyrisskiptaþjónustu og þjónustuveitenda sýndareigna.
- Reglur nr. 151/2023 um skráningu gjaldeyrisskiptaþjónustu og þjónustuveitenda sýndareigna.
- Reglur nr. 140/2023 varðandi útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldpoli með viðmiðunardagsetningar frá 30. september 2022 til 30. desember 2022.



- Gjaldskrá nr. 130/2023 vegna verkefna sem tengjast fjármálaeftirliti (féll úr gildi við gildistöku gjaldskrár nr. 165/2023 um sama efni).
- Reglur nr. 80/2023 um verðbréfauppgjör og verðbréfamiðstöðvar (féllu úr gildi með gildistöku reglna nr. 1055/2023 um sama efni).
- Reglur nr. 44/2023 um hlutverk og stöðu regluvarðar og skráningu samskipta samkvæmt lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum.

### Leiðbeinandi tilmæli

Seðlabanki Íslands gaf ekki út leiðbeinandi tilmæli á árinu.

### Viðmiðunarreglur

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar á fjármálamarkaði gefa út að eigin frumkvæði viðmiðunarreglur á grundvelli heimildar í 16. gr. reglugerða um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum nr. 1093-1095/2010, sem leiddar voru í íslenskan rétt með lögum nr. 24/2017, um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Tilgangur viðmiðunarreglna er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsfrankvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf Evrópusambandsins.

Þegar Seðlabanki Íslands tekur upp viðmiðunarreglur sem snúa að markaðsaðilum er dreifibréf um efni þeirra sent til markaðsaðila ásamt slóð á enska útgáfu þeirra. Skjölín eru einnig birt á vefsíðu Seðlabankans. Eftir að viðmiðunarreglurnar hafa verið teknar upp af Seðlabankanum, byggir Seðlabankinn á efni þeirra við framkvæmd eftirlits.

Á árinu voru eftirfarandi viðmiðunarreglur teknar upp af Seðlabankanum:

- Viðmiðunarreglur um aðferðafræði, eftirlit og skjalavörslu samkvæmt reglugerð ESB um fjárhagslegar viðmiðanir (ESMA81-393-288).
- Viðmiðunarreglur um fjárhagsleg viðmiðanir sem eru ekki mikilvægar (ESMA70-145-1209).
- Viðmiðunarreglur um aðgang verðbréfamiðstöðva að viðskiptagögnum miðlægra mótaðila og viðskiptavettvanga í samræmi við 3. mgr. 53. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar (ESMA70-151-298).
- Viðmiðunarreglur um stjórn rekstraraðila markaða og veitenda gagnaskýrsluþjónustu (ESMA70-154-271).
- Viðmiðunarreglur um verkferil vegna útreiknings og mats á uppgjörsgjaldmiðlum sem mestu máli skipta

skv. b-lið 1. mgr. 12. gr. CSDR (ESMA70-708036281-66).

- Viðmiðunarreglur um verkferil vegna útreiknings á viðmiðum til ákvörðunar á efnislegu mikilvægi verðbréfamiðstöðva fyrir gístiaðildarríki skv. 24. gr. CSDR (ESMA70-708036281-67).
- Viðmiðunarreglur um skýrsluskil til lögbærra yfirvalda skv. 37. gr. peningamarkaðssjóðsreglugerðarinnar (ESMA34-49-173).
- Viðmiðunarreglur um sviðsmyndir álagsprófa skv. peningamarkaðssjóðsreglugerðinni (ESMA34-49-446).
- Viðmiðunarreglur um beitingu C6 og C7 í viðauka 1 við MiFID II (ESMA-70-156-869).
- Viðmiðunarreglur um birtingu upplýsinga um áhættuskuldbindingar vegna vanefnda og ívilnunar (EBA/GL/2022/13).
- Viðmiðunarreglur um heildargetu til endurbóta við gerð endurbótaáætlana (EBA/GL/2023/06).
- Viðmiðunarreglur um að bæta skilabærni fyrir stofnanir og skilastjórnvöld í samræmi við 15. og 16. gr. tilskipunar 2014/59/ESB (*Resolvability Guidelines*) (EBA/GL/2022/01).
- Viðmiðunarreglur varðandi skilyrði um undanþágu frá viðbragðsaðgerðum samkvæmt 6. mgr. 33. gr. reglugerðar ESB 2018/389 um sterka sannvottun og örugg samskipti (EBA/GL/2018/07).
- Viðmiðunarreglur um breytingar á viðmiðunarreglum um áhættuþætti (EBA/GL/2023/03).
- Viðmiðunarreglur um breytingar á viðmiðunarreglum EBA/GL/2022/01, um að bæta skilabærni fyrir stofnanir og skilastjórnvöld í samræmi við 15. og 16. gr. tilskipunar 2014/59/ESB (*Resolvability Guidelines*), til að kynna nýjan kafla um prófanir (EBA/GL/2023/05).
- Viðmiðunarreglur um notkun tæknilausna til að framkvæma áreiðanleikakönnun í gegnum fjarskiptabúnað (EBA/GL/2022/15).
- Viðmiðunarreglur um vaxtaáhættu vegna viðskipta utan veltubókar og áhættu vegna breytinga á vaxtaálagi utan veltubókar (IRRBB og CSRBB) (EBA/GL/2022/14).
- Viðmiðunarreglur um stefnu og stýringar fyrir skilvirka stýringu áhættu vegna peningþvættis og fjármögnunar hryðjuverka í tengslum við aðgang að fjármálaþjónustu (EBA/GL/2023/04).

### Viðmið

Þá setti Seðlabankinn ein viðmið á árinu, þ.e. *Almenn viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og mats-*

ferlis hjá fjármálafyrirtækjum (nr. 1/2023). Um endurskoðun er að ræða og byggja þau á viðmiðunarreglum EBA um sama efni sem tóku gildi í janúar 2023 (EBA/GL/2022/03). Tilgangur viðmiðana er að skilgreina og kynna með almennum hætti aðferðafræði og framkvæmd könnunar- og matsferlis fjármálaeftirlitsins hjá fjármálafyrirtækjum. Í lok árs 2023 hófst vinna við endurskoðun fyrrnefndra viðmiða og voru þau endurútgefin í janúar 2024.

### Væntanleg ný löggjöf á fjármálamarkaði

Í þessum kafla er greint frá helstu löggjöf á fjármálamarkaði sem til stendur að setja á árinu 2024. Sérfræðingar Seðlabankans koma að þeirri vinnu með ýmsum hætti, svo sem með samstarfi við ráðuneyti um samningu frumvarpa og reglugerða og þátttöku í vinnu við útgáfu reglna og leiðbeinandi tilmæla og upptöku viðmiðunarreglna.

### Reglugerð um dreifðar færsluskrár (DLT)

Reglugerð (ESB) 2022/858 um tilraunaregluverk fyrir innviði markaða sem byggjast á dreifðri færsluskrártækni, kemur á skipulagi til reynslu fyrir innviði sem byggjast á dreifðri færsluskrártækni (DLT), þ.e. markaðstorg fjármálagerninga, uppgjörskerfi og kerfi sem gegna hlutverki bæði viðskipta- og uppgjörskerfa. Þá er hugtakið DLT-fjármálagerningur skilgreint og kröfur í tilskipunum og reglugerðum sem þegar eru í gildi (MiFID II, MiFIR og CSDR) eru lagaðar að sérstöku eðli áskorana sem tengjast tækniframþróun. Markmið reglugerðarinnar er meðal annars að fylla upp í tómarúm í gildandi samevrópsku regluverki. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til að leiða gerðina í íslensk lög á vorþingi 2024.

### Frumvarp til breytinga á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarheimildir og viðbótarlífeyrissparnaður)

Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp á vorþingi 2024 um breytingar á lögum nr. 129/1997 með það að markmiði að auka valfrelsi einstaklinga þegar kemur að ávöxtun valfrjáls viðbótarlífeyrissparnaðar. Í frumvarpinu verður m.a. mælt fyrir um að einstaklingar eigi kost á að ákveða sjálfir þá fjárfestingarstefnu sem gilda á um slíkan sparnað og fái heimild til að gera breytingar á fjárfestingarstefnunni í samráði við vörsluaðila.

### Tilskipun og reglugerð um varúðareftirlit með verðbréfafyrirtækjum (IFD og IFR)

Í tilskipun (ESB) 2019/2034 og reglugerð (ESB) 2019/2033 um varúðareftirlit með verðbréfafyrirtækjum (IFD og IFR) eru settar fram samræmdar kröfur til varúðareftirlits með verðbréfafyrirtækjum sem falla undir

MiFID II. Gerðirnar hafa að geyma kröfur um lágmarksstofnfé verðbréfafyrirtækja, þær heimildir og tæki sem eftirlitsstjórnvöld skulu hafa til eftirlits með verðbréfafyrirtækjum og þær upplýsingar sem eftirlitsstjórnvöld skulu birta. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til að leiða gerðirnar í íslensk lög á haustþingi 2024.

### Endurskoðun á stofnreglugerðum EBA, EIOPA, ESMA og ESRB (ESA's review)

Með reglugerð (ESB) 2019/2175 voru gerðar breytingar á ESAs-reglugerðunum, þ.e. reglugerðum (ESB) nr. 1093-1095/2010, sem settu á fót evrópsku eftirlitsstofnanirnar á fjármálamarkaði (EBA, EIOPA og ESMA). Breytingar voru gerðar á stjórnskipulagi stofnananna ásamt því að ESMA var falið beint eftirlit með ákveðnum fjárhagslegum viðmiðunum og stjórnendum þeirra og veitendum gagnaskýrsluþjónustu samkvæmt MiFID II/MiFIR regluverkinu. Að því er EES-EFTA-ríkin varðar mun eftirlitið verða í höndum Eftirlitsstofnunar EFTA. Einnig voru m.a. gerðar breytingar til að stuðla að samleitni í eftirliti og bættri fjárfestavernd. Með reglugerð (ESB) 2019/2176 voru gerðar ýmsar breytingar á reglugerð (ESB) nr. 1092/2010 sem setti á fót Evrópska kerfisáhætturáðið (ESRB). Sérstaklega er vert að nefna að gerð er breyting á ákvæðum gerðarinnar varðandi þátttöku ríkja utan ESB í starfsemi ráðsins sem opnar fyrir að EES-EFTA-ríkin fái fulla aðild að ráðinu án atkvæðisréttar eins og þau hafa núna hjá EBA, EIOPA og ESMA. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til að leiða gerðina í íslensk lög á haustþingi 2024.

### Tilfærsla á eftirliti með veitendum gagnaskýrsluþjónustu

Tilskipun (ESB) 2019/2177 um tilfærslu á eftirliti með veitendum gagnaskýrsluþjónustu breytir MiFID II-tilskipuninni 2014/65/ESB, Solvency II-tilskipuninni 2009/138/EB og peningaþvættistilskipuninni (ESB) 2015/849 og færir eftirlit með veitendum gagnaskýrsluþjónustu til ESMA. Að því er varðar EES-EFTA-ríkin verður eftirlitið aftur á móti í höndum Eftirlitsstofnunar EFTA. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til að leiða gerðina í íslensk lög á haustþingi 2024.

### OTC-afleiður, miðlægir mótaðilar og afleiðuviðskiptaskrár (EMIR 2.2. CCP)

Reglugerð (ESB) 2019/2099 er hluti af endurskoðun á regluverkinu um afleiðuviðskipti og breytir reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (EMIR) með það að markmiði að styrkja eftirlit með miðlægum mótaðilum (CCPs). Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til að leiða gerðina í íslensk lög á haustþingi 2024.

### Reglugerð um umgjörð fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun (STS)

Með reglugerð (ESB) 2017/2402 um umgjörð fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun (STS) er skilgreind almenn umgjörð fyrir verðbréfun og að auki komið á sértækri umgjörð fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun. Gerðir á hinum ýmsu mörkuðum eins og CRR, Solvency II og MMF vísa í reglur STS varðandi verðbréfun og eru m.a. ákvæði um verðbréfun flutt úr CRR og yfir í STS-gerðina. Einnig breytir STS-gerðin CRR að því er varðar varfærniskröfur, m.a. að því er varðar áhættulíkön og eiginfjárlutföll. Reglugerð (ESB) 2021/557 gerir breytingar á reglugerð (ESB) 2017/2402 til að styðja efnahagsbata eftir heimsfaraldurinn. Er STS-regluverkið víkkað út þannig að það taki til fleiri tegunda verðbréfa og auðveldara sé að verðbréfa útlán sem eru í óskilum. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til að leiða gerðina í íslensk lög á haustþingi 2024.

### Reglugerð um starfstengda lífeyrissjóði (IORP II)

Tilskipun (ESB) 2016/2341 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (IORP II) setur fram reglur um stofnun og rekstur þeirrar starfsemi sem stofnanir um starfstengdan lífeyri hafa með höndum. Eldri tilskipun um sama efni, 2003/41/EB (IORP I), hefur tekið nokkrum breytingum og er því um að ræða endurútgefna tilskipun. Markmið tilskipunarinnar er að tryggja góða stjórnarhætti, upplýsingagjöf til sjóðfélaga og gagnsæi og öryggi starfstengda lífeyriskerfisins í því skyni að auðvelda frekar hreyfanleika launafólks milli aðildarríkja. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til að leiða gerðina í íslensk lög á haustþingi 2024 sem kæmi til með að fela í sér setningu nýrra laga um starfstengda eftirlaunasjóði og brottfall eldri laga nr. 78/2007, um sama efni, sem á sínum tíma voru sett til að leiða IORP I í íslenskan rétt.

### Reglugerð um samevrópskt séreignarsparnaðarkerfi (PEPP)

Reglugerð (ESB) 2019/1238 um samevrópskt séreignarsparnaðarkerfi (PEPP) felur í sér nýja valfrjálsa tegund lífeyrissparnaðar sem neytendum innan EES mun standa til boða. Með reglugerðinni er lagður grunnur að samevrópskum persónulegum sparnaði þar sem tryggðir eru staðlaðir grunneiginleikar afurðarinnar eins og kröfur um gagnsæi, fjárfestingarreglur, réttur til að skipta um vöru og tegund fjárfestingarkosta. Þannig er tryggð rík neytendavernd sem gefur á sama tíma nægjanlegan sveigjanleika fyrir þá sem bjóða afurðina til að geta sérsniðið hana að eigin viðskiptalíkani. Fyrirhugað

er að leggja fram frumvarp til að leiða gerðina í íslensk lög á haustþingi 2024.

### Reglugerð um rekstraröryggi fyrirtækja á fjármálamarkaði (DORA)

Í reglugerð (ESB) 2022/2554 um rekstraröryggi fyrirtækja á fjármálamarkaði eru settar fram samræmdar kröfur um öryggi net- og upplýsingakerfa allra þátttakenda í fjármálakerfinu, þar sem fyrirtæki þurfa að ganga úr skugga um að þau geti staðist, brugðist við og jafnað sig á hvers kyns truflunum og ógnum sem tengjast upplýsingatækni. Meginmarkmiðið er að auka viðnámsþrótt fyrirtækjanna, draga úr netárásam og áhættu. Í reglugerðinni eru meðal annars sett fram skilyrði sem lúta að stýringu á áhættu vegna stafrænnar þjónustu, kröfum um skýrsluskil vegna þeirrar áhættu og kröfum um prófanir og mat á áhættu vegna útivistunar á slíkri þjónustu til þriðja aðila. Samhliða gerir tilskipun (ESB) 2022/2556 ráð fyrir afleiddum breytingum á PSD II, IORP II, MIFID II, CRD IV og AIFMD. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til að leiða gerðirnar í íslenskan rétt á haustþingi 2024.

### Reglugerð um evrópska hóp fjármögnunarþjónustu-veitendur fyrir fyrirtæki (Crowdfunding)

Reglugerð (ESB) 2020/1503 mælir fyrir um samræmdar kröfur um veitingu, skipulag, heimildir, rekstur, eftirlit, gagnsæi og markaðssamskipti í tengslum við hóp fjármögnunarþjónustu við fyrirtæki. Samhliða gerir tilskipun (ESB) 2020/1504 ráð fyrir afleiddum breytingum á MIFID II. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp á haustþingi 2024 til að leiða gerðirnar í íslenskan rétt.

### Reglugerð um greiðslur yfir landamæri í ESB (CBPR)

Með reglugerð (ESB) 2021/1230 um greiðslur yfir landamæri voru sameinuð með kerfisbindingu (e. codification) ákvæði reglugerðar (EB) nr. 924/2009 um greiðslur yfir landamæri í ESB, tiltekin ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 260/2012 um að koma á tæknilegum og viðskiptalegum kröfum fyrir millifærslur fjármuna og beingreiðslur í evrum og ákvæði reglugerðar (ESB) 2019/518 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 924/2009. Gert er ráð fyrir að setja ný lög um greiðslur yfir landamæri í evrum sem fella brott samnefnd lög nr. 78/2014. Helstu efnislegu breytingar frá gildandi rétti eru annars vegar að tryggð verður að gjöld fyrir greiðslur yfir landamæri í evrum innan EES séu samræmd gjöldum fyrir samsvarandi innlendar greiðslur í innlendum gjaldmiðli aðildarríkis þar sem greiðsluþjónustuveitandi er staðsettur. Hins vegar er settur skýrari rammi um þær upplýsingar sem

greiðsluþjónustuveitendum verður skylt að veita neytendum varðandi kostnað við gjaldmiðilsumreikning áður en greiðsla fer fram. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til að leiða gerðina í íslensk lög á haustþingi 2024.

#### Endurskoðun á bankaregluverki ESB (CRDVI og CRR3)

Í október 2021 kynnti framkvæmdastjórn ESB nýjustu tillögu að endurskoðun á bankaregluverki ESB með svokölluðum *Bankapakka 2021*. Um er að ræða annars vegar tillögu um breytingar á tilskipun 2013/36/ESB (CRDVI) og hins vegar tillögu um breytingar á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR3). Markmið bankapakkans er að ljúka við innleiðingu á Basel III staðlinum í bankaregluverk ESB. Bankapakkanum er ætlað að auka viðnámsþrótt banka. Þá er í pakkanum m.a. mælt fyrir um að bankar taki umhverfis- og félagslega þætti og stjórnarhætti í meira mæli inn í áhættustýringu sína og eftirlitsaðilum færðar frekari heimildir til að sinna eftirliti með bönkum og samstæðum þeirra. Samkomulag hefur náðst milli Evrópuþingsins og -ráðsins um efni bankapakkans og verður hann að vonum formlega samþykktur á vettvangi ESB á næstu mánuðum. Gert er ráð fyrir að CRR3 taki gildi innan ESB í janúar 2025 og að aðildarríkin leiði í löggjöf sína þau lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem nauðsynleg eru til að tryggja samræmi við CRDVI innan 18 mánaða frá því að tilskipunin tekur gildi innan ESB.

#### Reglugerð um markaði með sýndareignir (MiCA)

Markmið reglugerðar (ESB) 2023/1114 um markaði með sýndareignir er að samræma kröfur til starfsemi og þjónustu með sýndareignir, styðja við nýsköpun, bæta fjárfesta- og neytendavernd auk þess að tryggja fjármálastöðugleika. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til að leiða gerðina í íslensk lög á haustþingi 2024.

# Viðaukar

## 1 Fjöldi aðila undir eftirliti við árslok 2023

Tafla 1 Fjöldi eftirlitsskyldra aðila við árslok

Flokkar aðila undir eftirliti í lok hvers árs	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2022	31.12.2023
Starfsleyfisskyldir eða starfa skv. sérlögum:						
Viðskiptabankar	4	4	4	4	4	4
Sparisjóðir	4	4	4	4	5	5
Lánafyrirtæki	5	5	4	3	4	4
Íbúðalánasjóður	1	0	0	0	0	0
Verðbréfafyrirtæki	9	9	9	9	8	8
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	9	9	9	6	6	6
Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða <sup>1</sup>	0	0	16	19	23	30
Skipulegir markaðir (kauphallir)	1	1	1	1	1	1
Verðbréfamiðstöðvar	2	2	1	1	1	1
Lífeyrissjóðir <sup>2</sup>	21	21	21	21	21	21
Vátryggingafélög	11	11	11	10	10	10
Vátryggingamiðlanir	7	8	9	9	9	9
Innheimtuaðilar	8	8	9	8	8	8
Greiðslustofnanir	1	1	2	1	1	2
Rafeyrissjóðir	0	1	1	2	2	2
Gjaldyrisskiptabjónusta	1	1	1	1	0	0
Tryggingarsjóðir	1	1	1	1	1	1
Skráðir lánveitendur fasteignalána til neytenda	1	1	0	0	0	0
Þjónustuveitendur sýndareigna	1	1	3	3	3	4
Samtals	87	88	106	103	107	116
Aðrir aðilar háðir eftirliti:						
Verðbréfasjóðir	40	37	37	36	38	38
Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta <sup>3</sup>	60	54	61	69	72	76
Aðrir sérhæfðir sjóðir <sup>4</sup>	117	114	116	121	137	131
Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar <sup>5</sup>	8	8	8	8	8	8
Útgefendur skráðra hlutabréfa	23	24	23	26	30	31
Útgefendur skráðra skuldabréfa	50	57	51	51	56	62
Skráðir lánveitendur og lánamiðlarar neytendalána <sup>6</sup>	0	0	5	9	9	8
Eignarhaldsfélög <sup>7</sup>	6	5	6	5	5	4
Fjármálasamsteypur <sup>8</sup>	0	0	1	1	1	1
Alls	391	387	414	429	463	475

1. Þar af voru 12 leyfisskyldir rekstraraðilar, af þeim voru sex einnig rekstrarfélög verðbréfasjóða, og 18 skráningarskyldir rekstraraðilar, þar af eitt verðbréfafyrirtæki.

2. Margir lífeyrissjóðir eru deildaskiptir. Deildimar voru samtals 69 í lok árs 2023.

3. Áður fjárfestingarsjóðir.

4. Áður fagfjárfestingarsjóðir.

5. Viðskiptabankar og sparissjóðir. Lífeyrissjóðir og erlendir vörsluaðilar ekki meðtaldir.

6. Aðeins undir eftirliti skv. lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

7. Eignarhaldsfélög á fjármálasviði eða vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög.

8. Fjármálasamsteypur á fjármálasviði eða vátryggingasviði.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

## 2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi við árslok 2023

Tafla 1 Fjöldi erlendra aðila sem hafa heimild til að veita þjónustu á Íslandi

Fjöldi í lok árs	2022	2023
Lánastofnanir og aðrar fjármálastofnanir án starfsstöðvar	248	261
Verðbréfasjóðir (UCITS (fjöldi deilda))	135 (1.353)	131 (1.383)
Verðbréfafyrirtæki með starfsstöð (fjöldi starfsstöðva)	1 (1)	1 (1)
Verðbréfafyrirtæki án starfsstöðvar	605	621
Verðbréfamistöðvar með starfsstöð (fjöldi starfsstöðva)	1 (1)	1 (1)
Verðbréfamistöðvar án starfsstöðvar	6	6
Vátryggingafélög með starfsstöð (fjöldi starfsstöðva)	2 (1)	2 (1)
Vátryggingafélög án starfsstöðvar	357	379
Vátryggingamiðlarar með starfsstöð (fjöldi starfsstöðva)	2 (2)	2 (2)
Vátryggingamiðlarar og -umboðsmenn án starfsstöðvar	2,863	2,956
Greiðslustofnanir með umboðsaðila (fjöldi umboðsaðila)	2 (3)	2 (3)
Rafeyrisfyrirtæki með dreifingaraðila (fjöldi dreifingaraðila)	0	0
Greiðslustofnanir og rafeyrisfyrirtæki án starfsstöðvar	384	420
Lánamiðlanir án starfsstöðvar	4	2
Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða án starfsstöðvar	162	176
Fjöldi félaga sem skráð eru utan EES og hafa heimild til að veita þjónustu á Íslandi á grundvelli íslenskra laga		
Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða (fjöldi sjóða)	42 (86)	44 (94)

Heimild: Seðlabanki Íslands.



FJÁRMÁLAEFTIRLIT  
2024